



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. febrúar 2009 — 30. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Rótgróið íþróttafélag

Karatefélag Reykjavíkur var stofnað árið 1973. Valgerður Shamsudin segir það byggt á fjölskylduvænum gildum.

TÍMAMÓT 16



Mistök að klippa á Steingrím

Óðinn Jónsson hefði viljað sjá fjármálaráðherrann í beinni.

FÓLK 26



Virðing og traust

„Áður fyrr taldist það til dyggða að ávinna sér traust annarra, bæði í almennum samskiptum og viðskiptum“, skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14


Orðin fyrirliði TCU

Helena Sverrisdóttir stendur sig vel í Bandaríkjunum.

ÍÞRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG



Hægviðri Í dag verður áfram hæg-lætisveður, hægur norðaustlægar áttir og víða léttskýjað. Stöku el við suðausturströndina. Áfram fremur kalt en frostlaust við suðurströndina.

VEÐUR 4

Milljarða lán loks afgreitt

Próunarbanki Evrópu hefur affryst lán til Orkuveitu Reykjavíkur sem fryst var vegna efnahagshruns. Vekur vonir um betri aðgang Íslendinga að lánsfé í kjölfarið. Tugir milljóna evra tapast vegna gengishruns.

VIRKJANIR Þróunarbanki Evrópu samþykkti á föstudag að afgreiða lán upp á 6,5 milljarða króna til Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Afgreiða átti lánið í október en bankinn vildi ekki flytja peninga til landsins eftir efnahagshrunið. Nú metur hann það svo að ástandið hafi batnað það mikið hér á landi að óhætt sé að afgreiða lánið.

Lánið er í íslenskum krónum, þótt bankinn umreikni þær í evrur. Þegar OR tók það árið 2007 nam það 168 milljónum evra. Búið var að draga 85,5 milljónir evra á það fyrir bankahrun. Afgangurinn fékkst á föstudag, og nam sú upp-

hæð 46 milljónum evra í stað 82,5. Mismunurinn, 36,5 milljónir evra, tapast vegna gengishruns.

Árni Gunnarsson er fulltrúi utanríkisráðherra í stjórnarnefnd bankans. „Þetta er ekki bara af hinu góða fyrir Orkuveituna og önnur íslensk fyrirtæki, heldur er þetta að vissu leyti traustsýfirlýsing. Það er ákaflega mikilvægt afspurnar fyrir aðrar lánastofnanir og þá sem Íslendingar eiga viðskipti við.“

Þróunarbanki Evrópu lánar einkum til atvinnuskapandi verkefna. Á síðustu árum hafa Reykjavíkurborg, Lánasjóður íslenskra sveitar-

félaga, Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur og Spron fengið 334 milljónir evra að láni hjá bankanum. Hann átti útistandandi 172,6 milljónir hér á landi 20. nóvember.

Orkuveita Reykjavíkur hyggur nú á útboð á tveimur túrbínunum til stækkunar Hellisheiðarvirkjunar um 90 MW. „Ef lánsafgreiðslan hefði ekki komið til væri það útboð ekki inni í myndinni. Þetta verður vonandi til þess að við fáum 25 milljarða lán frá Fjárfestingabanka Evrópu, sem við áttum að fá í haust en höfum ekki fengið afgreitt“, segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar.

Mikil umræða skapaðist um efnahagsástandið hér á landi á fundinum síðastliðinn föstudag á stjórnarfundum Þróunarbankans og var dregin upp dökk mynd af því. „Rauði þráðurinn í umræðunni var þó sá að Íslendingar væru einfaldlega fyrstir í röðinni. Aðrar þjóðir ættu eftir að upplifa svipuð vanda-mál“, segir Árni.

Hitaveita Suðurnesja á von á 20 milljóna evra láni frá bankanum, sem hefur verið samþykkt. Bankinn vill þó fá nánari upplýsingar vegna nýlegrar uppskiptingar fyrirtækisins áður en lánið verður afgreitt.

- kóp



ÓVENJULEG EMBÆTTISVERK Lögregluþjónarnir í London eru óvanir því að þurfa að ryðja snjó af götum til að vegfarendur komist leiðar sinnar. Mesti snjór er nú í borginni og nágrenni hennar sem verið hefur í 18 ár. Íslendingar á svæðinu kippa sér ekki mikið upp við fönnina og segja vera smá Ísland í loftinu.

NORDIC PHOTOS/AFP

Metsnjór í Bretlandi:

Segir vera smá Ísland í loftinu

VEÐUR „Jú, það er smá Ísland í loftinu og verður næstu daga“, segir Jórunn Jónsdóttir, formaður Félags Íslendinga í London. Mikill snjór var á götum borgarinnar í gær og spáð er meiri snjókomu næstu daga.

Jórunn býr í Portsmouth og þar var mun minni snjór. „Við Íslendingarnir köllum þetta nú bara fól, en engu síður var öllum barnaskólum lokað. Unglingaskólarnir eru opnir og verða á morgun, fjórtán ára syni mínum til sárra vonbrigða. En það er mun meiri snjór í London.“

Hér er ekkert til sem heitir sumar- eða vetrardekk og menn vita ekki hvað sköfur eru. Því stöðvast öll umferð um leið og hálfan og snjóinn kemur.“

Jórunn segir Íslendingana ekki kippa sér upp við snjóinn. Heimamönnum bregði heldur meira við. „Það lamast allar samgöngur hérna, þar sem enginn er undir þetta búinn. Fólki finnst þetta mjög sérstakt.“

- kóp

Frumvarp verður lagt fyrir Alþingi á morgun um breytta skipan Seðlabanka:

Seðlabankastjórar látnir fara

STJÓRNSÝSLA Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sent bankastjórum Seðlabankans bréf og farið fram á að þeir biðjist lausnar frá embætti nú þegar. Hún hefur óskað eftir svari fyrir fimmtudag. Samkvæmt frumvarpi, sem kynnt verður ríkisstjórn í dag, verður einn bankastjóri yfir Seðlabanka, ráðinn á faglegum forsendum.

„Brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar er að endurreisa traust á fjármálakerfi landsins. Grundvöllur þess er að gera breytingar á yfirstjórn Seðlabankans“, segir Jóhanna. Núverandi bankastjórum verði boðið að ganga til viðræðna um starfslok. Óvíst sé hvenær

nýr bankastjóri verði ráðinn, en heimild sé í lögum til að skipa bankastjóra til bráðabirgða.

Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, verður einnig kynnt frumvarpið í dag og síðan fer það fyrir þingflokka flokkanna þriggja. „Almennt tel ég að það geti verið æskilegt að breyta lögum um Seðlabanka, en snúist málið fyrst og fremst um mannaskipti væru aðrar leiðir betri til að byrja með“, segir Sigmundur.

„Ég get staðfest að ég fékk bréf en ég vil ekki ræða málið frekar. Ég er að hugsa málið“, segir Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri.

- kóp



Súpubarinn

www.supubarinn.is

Opnar á ný í Listasafni
Reykjavíkur - Hafnarhúsi

Pú leggur línurnar
Létt & laggott!



L&L
- Línurnar í lagi

OTA SOL GRYN



Borðaðu OTA
hafnargrautinn
þinn á hverjum
morgni

SPURNING DAGSINS



Hólmfríður, er Lýðheilsustöð að sýna tennurnar?

„Við erum frekar að minna á hvernig á að halda tönnum heilum og hreinum svo við getum sýnt tennurnar.“

Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir hjá Lýðheilsustöð, fer fyrir tannverndarvíkinni 2009. Sérstök áhersla er lögð á tannþráðinn undir kjörorðinu „Taktu upp þráðinn!“

Eldgos í Japan:
Öskufall vekur undrun í Tókíó

JAPAN, AP Gos hófst í gær í eldfjallinu Asama skammt frá Tókíó í Japan. Þykkur reykur stóð upp úr fjallinu og finger aðska féll á götur borgarinnar.

Engar fréttir hafa borist af manntjóni. Ekkert meiri háttar tjón varð síðast þegar þetta fjall gaus, sem var í ágúst síðastliðnum. Stjórnvöldum í Tókíó barst hins vegar fjöldi símhringinga í gær frá íbúum sem spurðu um þetta „dularfulla hvíta ryk“ sem sest hafði á götur og garða.

Töluverð sprengihljóð heyrðust einnig þegar gosið hófst snemma í gærmorgun.



HVERASVÆÐIÐ Hverasvæðið norðan Hveragerðis myndaðist í Suðurlands-skjálftanum síðasta sumar.

Gekk skaðbrenndur til byggða:

Kældi bruna-sárin með snjó

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hlaut annars stigs brunasár á fæti þegar hann steig ofan í sjóðheitan hver norðan við Hveragerði um helgina. Jarðvegur gaf sig undan honum svo hann sökk til hnés í hverinn. Það varð honum til happs að hann var í stígvélum.

Maðurinn gekk brenndur einn síns liðs til byggða í 45 mínútur og kældi brunasárin reglulega með snjó. Hann leitaði sér síðan lækni- ishjálp.

Hverasvæðið norðan Hveragerðis myndaðist í Suðurlands-skjálftanum síðasta sumar. Lög- regla biður fólk að varast það.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýr menntamálaráðherra athugar hvort hægt verði að gera breytingar á LÍN:

Skólagjöld koma ekki til greina

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir ekki koma til greina að koma á skólagjöldum í Háskóla Íslands til að bæta fjárhagsstöðu Háskóla Íslands sem fær nú minna á fjárlögum, minna styrktarfé en meiri nemendaaðsókn.

En hvað vill hún þá gera? „Það þarf að fara vel yfir þetta, við vitum að við verðum að lifa spart en við verðum einnig að lifa á möguleikana sem við höfum.

Við erum til dæmis með úrvals-fólk og það er nauðsynlegt að halda í það.

Annars er þetta stjórn sem hefur ekki mikið rými til aðgerða



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR Nýr menntamálaráðherra mun athuga hvort hægt verði að gera breytingar á lögum um Lánasjóð Íslenskra námsmanna en tíminn er naumur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þar sem hún verður einungis fram að kosningum þannig að ég held að fólk bíði ekki eftir neinum stór- vægilegum breytingum í þessari stjórnartíð.“

En hverju mun hún reyna að ná fram á þessum stutta tíma? „Ég mun fyrst horfa á Lánasjóðinn og hvort það sé einhver möguleiki á að endurskoða lögin um hann og fyrirkomulag hans án þess að það þýði beinlínis útgjaldaaukningu.“

Katrín átti 33 ára afmæli daginn sem stjórnin var kynnt og er hún yngsti ráðherra hennar. „Það er mjög skrítn tilfinning að vera allt í einu yfir þeim málaflokki þar sem allir þeir eru sem kenndu mér það sem ég kann,“ segir. „Nú verð ég að hugsa hvernig ég get þjónað þessum málaflokki sem best.“

Finna góss í gámum

Fólk stundar það að taka mat úr ruslagámum stórmarkaðanna. Tveir menn sem búa í miðbænum eru afar ánægðir með afrakstur síðustu ferða í gámana.

SAMFÉLAGSMÁL Spánverjarnir Enric Huguet og Fabio Teixeira, sem búa saman í miðbæ Reykjavíkur, segjast spara stórar fúlgur á því að ná sér í mat úr ruslagámum einu sinni í viku. „Það er alveg nóg að hafa og sumt er ekki einu sinni komið fram yfir síðasta sölundag,“ segir Enric. „Annað er útrunnið en samt alveg í besta lagi.“

„Við verðum samt sem áður að fara einstaka sinnum út í búð. Til dæmis til að kaupa mjólkurvörur og ef okkar langar í eitthvað sérstakt í matinn sem ekki hefur fengi- ist í gámunum.“

Þeir segjast fara að nóttu til því þá sé meira næði. „Við vitum heldur ekki hvort einhverjir myndu fetta finger út í þetta ef þeir sæju til okkar,“ segir Fabio. Þeir vilja þó ekki gefa upp hvert þeir fara nema að þetta eru gámar hjá matvöru- verslunum í Reykjavík.

„Við vissum af fólki sem gerði þetta á Spáni en okkur hugnað- ist það ekki þar því það var fátt um fína drætti en hér er nóg að hafa eins og sést,“ segir Enric og sýnir blaðamanni afrakstur síð-ustu ferðar. „Síðan heyrðum við af löndum okkar sem gámagrömsuðu hér með þessum fína árangri svo við ákváðum að slá til og höfum nú gert þetta í nokkra mánuði.“

Þeir segjast verða vel varir við að þeir séu ekki einir um kolann því gámagrams færirst í aukana hér á landi. Einn af ókostunum við gáma-gramsíð er þó að oft verður matar-æðið afar fábreytt til dæmis þegar mikið fæst af einni ákveðinni vöru sem neyta verður hið fyrsta áður en hún verður óæt.

En fylgir einhver hugsjón þessari iðju þeirra? „Já, það má segja það,“ svarar Enric ákveðinn. „Hún hljóðar svona: „Maður hendir ekki mat.“

Þeir bjóða síðan upp á brauð með reykttri ítalskri skinku sem reyndar



ÁNÆGÐIR MEÐ SÍÐUSTU „GÁMAFERÐ“ Fabio og Enric líða ekki skort en grípa góss úr gámum. Sumt er ekki komið fram yfir síðasta sölundag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚR SÍÐUSTU GÁMAFERÐ

- 2 pakkar af soðnum kartöflum
- 7 skinkubréf
- 17 pakkar af þurrskinku
- 10 bréf með völdu áleggi
- 1 beikonbréf
- 9 stykki af reyktnum laxi
- 6 stykki af graflaxi
- 1 poki með tacos
- 2 pakkar af burritos, mexíkósku brauði
- 3 pylsupakkar
- 5 pakkar með pasta fyrir lasanja
- 4 stykki af smurosti
- 2 grillostar
- 1 brauðostur
- 3 box af baunasalati
- 15 pakkar af fiskibollum
- 1 Pepsi Max-dós
- 1 dós af maisbaunum
- 1 samlokugrill
- 2 kíló af sykri
- 5 lítrar af appelsínudjösi
- 4 flöskur af pilsner
- 10 poka af karföfluflogum
- 1 hvítlauksbrauð
- 5 langlokubrauð
- 1 brauðhleifur
- 3 súkkulaðihorn
- 12 pakkar með vinarbrauð
- 5 poka með möffinskökum

er komin fram yfir síðasta sölundag. Blaðamaður hafði aldrei bragðað skinku af þessari tegund og er því ekki viss hvort hún eigi að bragðast eins og hún gerði. En engum varð meint af.

3. febrúar 2009

ÞRÍÐJUDAGUR

Búist við eldgosi í Alaska:

Hlíðargler- augu rokseljast

ALASKA, AP Íbúar Anchorage, höfuðborgar Alaska í Bandaríkjunum, birgðu sig upp af hlífðargler- augum og grímum í gær vegna viðvörunar um eldgos í fjallinu Redoubt. Síðustu daga hafa vís- indamenn fylgst náið með jarð- skjálftum undir hinu 3.110 metra háa Redoubt-fjall, sem er í rúm- lega 160 kílómetra fjarlægð frá höfuðborg ríkisins.

Phil Robinson, eigandi bygg- ingavörðslunar í Anchorage, sagði við AP-fréttastofuna að allar líkur væru á því að lagerinn af gleraugum og grímum myndu klárast vegna ótta íbúa við ösku- fall sem gæti fylgt gosinu.



FORMAÐUR Speglnaraðgerð á Geir H. Haarde í Amsterdam heppnaðist vel, segir í tilkynningu Sjálfstæðisflokksins.

Geir H. Haarde:

Aðgerðin heppnaðist vel

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, gekkst í gær undir speglunar- aðgerð á háskólasjúkrahúsinu í Amsterdam í Hollandi. Í aðgerð- inni var fjarlægð illkynja mein úr vélinda Geirs. Í tilkynningu frá Sjálfstæðisfloknum kemur fram að aðgerðin hafi heppnast vel að mati lækna og Geir sé væntanleg- ur heim til starfa síðar í vikunni.

Enn fremur kemur fram í til- kynningunni að ráðgert sé að Geir fari utan í framhaldsmeð- ferð eftir um það bil tvo mánuði.

Kom að innbrötsþjófum:

Börðu eiganda íbúðarinnar

LÖGREGLUMÁL Þrír menn sem brot- ist höfðu inn í íbúð við Furugrund í Kópavogi á fimmta tímanum í gær gengu í skrokk á húsráðanda. Maðurinn var ekki heima þegar brotist var inn en kom að þjófun- um þar sem þeir voru að athafna sig, að sögn lögreglu.

Mennirnir flúðu af vettvangi en voru handteknir í gærkvöldi. Þeir voru í annarlegu ástandi og verða yfirheyrðir í dag.

Hitablásarar

Rafmagns-, olíu- og gasblásarar. Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



Reykjavík, Klettháls 7
Suðurnes, Fuglavík 18
Akureyri, Furuvellir 15

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

www.murbudin.is Sími 412 2500 - sala@murbudin.is

Formaður Félags fasteignasala segir fasteignavef mbl.is tapa á gjaldtöku:

Segir stöðuna gjörbreytta

FASTEIGNIR „Þetta er ekkert annað en uppgjöf hjá mbl.is. Þessi gjald- taka á eftir að lenda á neytendum og fólki mun fljótlega uppgötva að í raun er fátt að sækja inn á fasteignavef mbl.is eftir þessar breytingar,“ segir Grétar Jónas- son, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Frá og með 1. febrúar rukkar mbl.is hverja fasteignasölu um 20.000 krónur á mánuði fyrir að hafa eignalista sinn á fasteigna- vefnum, en skráning var ókeypis áður.

Félag fasteignasala rekur leit- arvefinn fasteign.is, þar sem skráningar fasteigna eru gjald- frjálssar. Grétar segir mikinn fjölda fasteignasala hafa ákveðið að hætta viðskiptum við mbl.is í kjölfar gjalddökunnar. „Við vildum alls ekki eggja félagsmenn



FASTEIGNAVEFUR MBL Rukkar nú fast- eignasölur fyrir skráningu eigna.

okkar til neins, fasteignasalarnir tóku þessa ákvörðun sjálfir. Nú er fasteign.is orðinn stærsti vefurinn. Staðan hefur gjörbreytt,“ segir Grétar.

Gylfi Þór Þorsteinsson, auglýs- ingastjóri Morgunblaðsins, segir rangt að skráningar hafi hríð- fallið í kjölfar breytinganna. „Í

Við vildum alls ekki eggja félagsmenn okkar til neins, fasteignasalarnir tóku þessa ákvörðun sjálfir.

GRÉTAR JÓNASSON FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGS FASTEIGNASALA

dag (í gær) byrjuðum við að loka á fasteignasölur sem ekki höfðu gengið frá skráningum og menn voru fljótir að bregðast við. Ég er ekki með nákvæmar tölur en ég held að við höfum meirihlutann af starfandi fasteignasölum inni hjá okkur.

Einstaka fasteignasölur, aðal- lega þær minni, ætla ekki að vera með en þær stærstu halda áfram. Fólk vill auglýsa þar sem flestir skoða,“ segir Gylfi.



Mazda MX-5 Sport

33% afsláttur



2,0 bensín beinskiptur
Fast númer VK835
Skrd. 03/2007. Ek. 30.000 km.
Ásett verð 3.590.000 kr.
Afsláttur 1.200.000 kr.
Tilboðsverð 2.390.000 kr.

Mazda3 Touring Plus

16% afsláttur



1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer NL558
Skrd. 10/2005. Ek. 43.000 km.
Ásett verð 2.120.000 kr.
Afsláttur 330.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.

Mazda6 Touring

16% afsláttur



2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer YT597
Skrd. 10/2005. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 2.360.000 kr.
Afsláttur 370.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins í dag. Komdu í Brimborg

Við erum á tánum í dag - fyrir þig

Semdu við okkur um verð.



Fáðu þér notaðan bíl hjá Mazda í dag, Bíldshöfða 8.

selja gamla

kaupa nýjan notaðan

Áfram Ísland:

- Nýtum það sem við eigum;
- Endurnýtum gjaldeyrinn;
- Kaupum notaðan bíl;
- Komdu í Brimborg í dag.

Fáðu þér notaðan bíl hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8.



CITROËN

Citroën C5 Ambiente

30% afsláttur



2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur
Fast númer TZ728
Skrd. 12/2004. Ek. 52.000 km.
Ásett verð 2.130.000 kr.
Afsláttur 640.000 kr.
Tilboðsverð 1.490.000 kr.

Citroën C3 SX

15% afsláttur



1,4 dísil beinskiptur 5 dyra
Visthæfur fyrir frí bílastæði*
Fast númer OU490
Skrd. 08/2007. Ek. 8.000 km.
Ásett verð 2.340.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

Citroën C4 SX Saloon

31% afsláttur



1,6 dísil beinskiptur 5 dyra
Fast númer ER372
Skrd. 03/2005. Ek. 75.000 km.
Ásett verð 1.860.000 kr.
Afsláttur 570.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

Fjöldi annarra Citroën bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

GENGIÐ 02.02.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	115,2	115,74
	Sterlingspund	163,73	164,53
	Evra	146,6	147,42
	Dönsk króna	19,665	19,781
	Norsk króna	16,435	16,531
	Sænsk króna	13,745	13,825
	Japanskt jen	1,2934	1,301
SDR		171,43	172,45
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		193,3038	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Nemendur sendir heim:
Kuldi kom í veg fyrir skólahald

MENNTAMÁL Allir nemendur Sæmundarskóla í Grafarholti voru sendir heim í gær vegna kulda. Hitakerfi skólans hafði bilað og var kuldin innandyrá við frostmark. Þóra Stephensen aðstoðar-skólastjóri segir að í samráði við menntasvið borgarinnar hafi verið ákveðið að hafa samband við foreldra krakkanna og biðja um að þeir yrðu sóttir. Ekki hafi verið hægt að kenna við þessar aðstæður. Þóra segir skólahald verða með eðlilegu móti í dag. Í Sæmundarskóla eru um 230 nemendur í fyrsta til áttunda bekk.

Formaður Framsóknarflokks:
Gæti birt lista yfir eigur sínar

STJÓRNMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir koma til greina að birta lista yfir eigur sínar og eignatengsl. Þingmenn flokksins hafa birt slíkan lista á heimasíðu Framsóknar. Spurður hvort hann muni feta í fótspor þingmanna segir Sigmundur: „Ég gæti nú alveg gert það. Ég hef ekki fylgst með þessum birtingum, en ég mun þá eflaust gera það líka ef ég kemst í þingmannahópinn.“ Spurður hvort það komi ekki til greina að gera það nú þegar hann er orðinn formaður, segir hann: „Jú, ég gæti alveg gert það, jafnvel nú á næstunni.“

Stríðsátökin á Srí Lanka kosta æ fleiri almenna borgara lífið:
Sprengjuárásir á sjúkrahús

SRÍ LANKA, AP Á annan tug manna hafa látist af völdum sprengjuárása á sjúkrahús annan daginn í röð í Puthukkudiyiruppu á Srí Lanka. Stjórnin hvetur nú almenna borgara á átakasvæðunum til að forða sér. Talið er að nærri þrjú hundruð almennir borgarar hafi látist í átökum síðustu tvær vikur á norðanverðri eyjunni, þar sem stjórnarherinn hefur sótt inn á yfirráðasvæði uppreisnarsveita Tamíltígra. Á annað þúsund manns eru særðir og talið er að um 250 þúsund manns séu innikróaðir á átakasvæðinu. „Fólk hefur lent í skotlígunni, sjúkrahús og sjúkrabifreiðar hafa



STJÓRNARHERMENN Hermenn stjórnarinnar á verði í bænum Mullaittivu á Srí Lanka.

orðið fyrir sprengjum og nokkrir hjálparstarfsmenn hafa særst við flutning á særðu fólki,“ segir Jacques de Maio, yfirmaður starf-

semi Alþjóðanefndar Rauða krossins í Suður-Asíu. Svo virtist sem stjórnarherinn hafi gert árásirnar á sjúkrahúsið, sem hafa orðið til þess að auka enn frekar áhyggjur manna af íbúum átakasvæðanna. Stjórnarherinn hefur undanfarið sótt hart fram gegn Tamíltígrum og hefur náð á sitt vald helstu borgum og bæjum á yfirráðasvæði tígranna. Stjórnin segist þess fullviss að fullnaðarsigur sé í nánd, en uppreisnarmenn hafa áður átt auðvelt með að fara í felur í fjöllóttu skóglendi svæðisins meðan hart er sótt að þeim, en skotist úr skjólinu með gagnsóknum þegar um hægist.

Innritunargjöld á sjúkrahús afnumin

Heilbrigðisráðherra hefur afnumið innritunargjöld á sjúkrahús og tekur ákvörðunin gildi fljótlega. Ákvarðanir um breytingar í heilbrigðiskerfinu verða endurskoðaðar. Ef ósætti ríkir verða málin endurskoðuð þannig að sátt takist.

HEILBRIGÐISMÁL Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra hefur afturkallað ákvörðun um að rukka sjúklinga sem lagðir eru inn á sjúkrahúsin. Ögmundur bendir á að innritunargjöld á sjúkrahús hafi ekki tíðkast á Íslandi og þau eigi ekki að vera „fyrsti viðkomustaður skattheimtumanna“. Ögmundur segir innritunargjöldin ekki spara né afla ríkissjóði ýkja mikilla tekna „en skipta miklu máli fyrir þá sem í hlut eiga. Þeir sem helst þurfa að leita til heilbrigðisþjónustunnar eru öryrkjar, aldraðir og fólk sem orðið hefur fyrir tekjumissi vegna sjúkdóma sinna,“ segir hann. „Þessi gjöld voru nýlunda í okkar heilbrigðisþjónustu. Það hefur aldrei verið rukkað fyrir að leggjast veikur inn á sjúkrahús og það mun ekki gerast svo lengi sem ég stjórna í þessu ráðuneyti,“ segir hann og telur allt koma til greina, líka endurskoðun á gjalda-hækkunum fyrri ríkisstjórnar. „Nú þarf að virkja þá sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar til að taka höndum saman um að leita leiða til sparnaðar því að öll viljum við fara sem best með peningana og varðveita það góða í okkar heilbrigðisþjónustu. Það er stóra viðfangsefnið á þessum niður-skurðartímum að standa vörð um velferðarþjónustuna og láta ekki rífa göt á þetta mikilvæga öryggisnet.“ Fyrirætlanir um St. Jósefsspítala verða skoðaðar gaumgæfilega. „Ég hef óskað eftir fundi með bæjarstjóranum í Hafnarfirði og mun ræða við aðra sem tengjast



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Ögmundur Jónasson segir mikilvægt að virkja starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar svo taka meg höndum saman um að leita leiða til sparnaðar. Um leið þurfi að standa vörð um velferðarþjónustuna.

starfseminni þar. Þetta er fyrst og fremst hafnfirskur spítali og því mun ég byrja á að ræða við bæjaryfirvöld en síðan mun ég skoða málin, með hvaða hætti er hugsanlega hægt að reka stofnunina á forsendum sem sátt getur skapast um. Ég gef mér ekkert fyrirfram í þeim efnum en það verður ekki rasað að neinu. Þetta verður skoðað málefnalega.“ Sjúkratryggingastofnun fæddist um áramótin eftir „allerfiða

meðgöngu og umdeilda. Það er nokkuð sem ég mun skoða. Mikil átök urðu innan stjórnsýslunnar þegar þessi stofnun varð til og menn fóru að kljúfa niður Tryggingastofnun. Ég mun leita sátta um það efni.“ Ögmundur segir að vanhugsaðar breytingar séu dýrustu breytingarnar. Flausturslega hafi verið að verki staðið og hraði einkenni vinnubrögðin. Mikilvægt sé að hlusta á fólk.

Hæstiréttur staðfesti úrskurð:
Rannsókn ekki dæmd ólögmaet

BAUGSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær frávisunarúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í skattahluta Baugsmálsins. Tveir ákærðu í málinu, Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir, kröfðust þess að rannsókn málsins yrði úrskurðuð ólögmaet og saksóknari látinn víkja sæti. Í dómi Hæstaréttar er bent á að þar sem búið sé að höfða sakamála á hendur ákærðu geti þeir látið reyna á þessi sjónarmið í því máli, í stað þess að höfða sérstaklega mál til að láta reyna á þau. Stefnt er að því að málið verði þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 25. febrúar.

Stefna stjórnar um ESB:
Hindrunum rutt úr vegi

STJÓRNMÁL „Þetta er ágætis árangur á 80 dögum,“ segir Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, um stefnu nýrrar ríkisstjórnar um Evrópusambandið. „Við höfum rutt úr vegi erfiðri hindrun í átt að fullri aðild,“ segir hann og vísar til sáttar um stjórnarskrárbreytingar sem þarf að fara í áður en aðild að Evrópusambandinu væri samþykkt. „Best væri að sækja um aðild strax, en við sættum okkur við að lengra verði ekki komist í aðdraganda kosninga.“ Árni Páll segir að ekki hafi verið rætt um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild í stjórnarmyndunarviðræðunum við Vinstri græna.



ÁRNI PÁLL ARNASON

Nýr félagsmálaráðherra:
Ekki endilega aðstoðarmann

STJÓRNMÁL Nýr félagsmálaráðherra, Ásta R. Jóhannesdóttir, segist ekki endilega ætla að ráða sér aðstoðarmann. „Ég er ekki viss um það, en ég þarf örugglega að leita mér einhvers liðsinnis til að stýra þessu mikilvæga ráðuneyti við erfiðar aðstæður,“ segir hún. Hvort það verði aðstoðarmaður eða ráðgjafi eða annað sé óákveðið; hún hafi ekki haft mikinn tíma til að undirbúa sig fyrir ráðherradóm. Þá hefur hún ekki ákveðið hvort breytingar verði gerðar á yfirstjórn ráðuneytisins.

TILBOÐ DAGSINS

Kaupir 1kg fiskibollur (950kr.kg) og færð annað **FRÍTT**

30% afsláttur af súrum hval og hákarl

kinnfiskur - gellur
siginn fiskur - úrval fiskrétta

Þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	16°
Bassel	5°
Berlín	3°
Billund	2°
Eindhoven	4°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	8°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	19°
London	4°
Mallorca	14°
New York	2°
Orlando	15°
Ósló	-6°
París	2°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

LITLAR BREYTINGAR
Það verður áfram kalt og stillt veður næstu daga og kólnar heldur er líður á vikuna. Ekki eru horfur á miklum breytingum fyrr en í fyrsta lagi næstu helgi. Á meðan er um að gera að klæða sig vel og njóta veðurbliðunnar!

Á MORGUN
3-8 m/s og norðlægar áttir.

FIMMTUDAGUR
Hæg breytileg eða norðlæg átt.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

Í sviðsljósinu! - Chiro heilsurúm

Vandaðar kantstyrkingar •
Hreyfing í dýnu
aldrei verið minni!

• Val um ConformaFoam heilsu- og hægindalag
með Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni.

• Eurotop - betur nýttur svefnflötur.

Val um 3 liti á botni •
– Svart leður
– Hvítt leður
– Brúnt leður

• 5 ára ábyrgð á gormakerfi.

• 7 svæða heilsu og hægindalag.

• Val um 3 gerðir af löppum
– Hvíttuð Eik
– Chrome
– Wenge

Nú á 30% afslætti

Dæmi: 160x200 cm
Verð áður kr. 240.900,-
Nú aðeins kr. 168.630,-

Dæmi: 180x200 cm
Verð áður kr. 274.800,-
Nú aðeins kr. 192.360,-

mundu eftir hvíldinni !

Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamspýngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

Styður við bakið á þér

- Þægilegur svefn.
- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Veitir slökun.
- Stuðningur við bak.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra
BAK

KJÖRKASSINN

Finnst þér réttlæt看legt að Íslendingar syngi á ensku í úrslitakeppni Eurovision?

Já

71,6%

Nei

28,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú séreignarsparnað sem þú gætir hugsað þér að nota til að greiða niður lán?

Segðu þína skoðun á visir.is

Efnahagslegur ávinningur Íslands af stóriðju er lítill og hefur farið minnkandi segir fyrrverandi ríkisskattstjóri:

Arður af auðlindum að mestu úr landi

STÓRIÐJA Arður af íslenskum auðlindum sem notaðar eru til að knýja áfram stóriðju kemur aðallega fram í hagnaði verksmiðjanna, og rennur að mestu ósnertur í vasa erlendra aðila.

Þetta segir Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur og fyrrverandi ríkisskattstjóri, í úttekt á efnahagslegum áhrifum erlendrar stóriðju á Íslandi, sem hann birti á vefsíðu sinni í gær.

Indriði segir í samtali við Fréttablaðið vilja benda á hversu litlu álverin skili í raun inn í þjóðarbúið. Það sé svo annarra að meta hvort það sem þau skili sé nægilegt til að réttlæta þá notkun á auðlindum sem til þurfi.

Efnahagslegur ávinningur hefur raunar farið minnkandi á undanförunum árum, segir Indriði. Hvert álver skili varla meira en 0,1 til 0,2 prósentum af þjóðarframleiðslu.

Störf í þeim þremur álverum sem voru starfandi árið 2007, að viðbættum afleiðdum störfum vegna þeirra, voru um 1,7 prósent af vinnuafli í landinu, segir Indriði í grein sinni.

Ætla megi að til lengri tíma hafi erlendar fjárfestingar ekki áhrif á atvinnustig og fjölda starfa í landinu. Laun starfsmanna í álverum séu með öðrum orðum ekki viðbót við hagkerfið, heldur komi þau í staðinn fyrir laun fyrir önnur störf sem hefðu orðið til hefðu álverin ekki verið reist.

Skattgreiðslur eru helsti efnahagslegi ávinningurinn af starfsemi stóriðjuvera í eigu erlendra aðila, segir í grein Indriða.

„Ætla má að skattgreiðslur meðalálvers sé um 1,2 milljarðar króna á ári,“ skrifar Indriði. Það sé einungis um 0,1 prósent af þjóðarframleiðslunni.

- bj

ÚTTEKT MISVÍSANDI

Ekki verður annað séð en að úttekt Indriða sé mjög misvísandi, og niðurstaðan því röng, segir Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptapróunar og samskipta hjá Norðuráli.

„Í úttektinni gefur hann sér að það megi alltaf reikna með því að full atvinna sé á Íslandi og að erlend fjárfesting hafi enga sérstaka þýðingu,“ segir Ágúst. Hann er ósammála því að álverin hafi ekki áhrif á atvinnustig í landinu. Um það geti starfsmenn Norðuráls jafnt sem starfsmenn þeirra á annað hundrað þjónustufyrirtækja borið. Einnig megi nefna þá miklu sérþekkingu í orkuíðnaði, sem byggir meðal annars á reynslu sem skapist hafi í tengslum við stór virkjanaverkefni tengd uppbyggingu áliðnaðar.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Burt úr bænum

Hópaferðir fyrir öll tilefni

Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is



ENGAR BREYTINGAR Á SKATTALÖGUM AÐ SINNI Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra yrði hins vegar kátur ef utanríkisráðherra myndi skera niður í Varnarmálastofnun og ætla að ræða myntsamstarf við fjármálaráðherra Noregs.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hátekjuskattur ekki lagður á að sinni

Fjármálaráðherra segir að ekki standi til að koma á hátekjuskatti strax enda sé fjárlagaárið hafið. Hann hefur rætt við utanríkisráðherra um að skera niður í Varnarmálastofnun og mun ræða myntsamstarf við fjármálaráðherra Noregs.

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðherra gerir ekki ráð fyrir því að koma á hátekjuskatti á stuttum líftíma núverandi ríkisstjórnar.

„Við erum komin inn á fjárlaga- og skattaár og menn verða að horfa raunsætt á það. Það er ekki venjan að standa í stórfelldum skattalagabreytingum á miðju skattaári,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

„Enda er stóra verkefnið að leggja drög að því hvernig við tökumst á við árið 2010. Bæði samkvæmt áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og vegna stöðunnar í þjóðarbúinu er það gríðarlegt verkefni.“

Spurður hvort hátekjuskattur verði þá settur á fyrir árið 2010, minnir Steingrímur á áherslur Vinstri grænna um að koma á rétt-

látara skattkerfi. Hann vilji hins vegar engu lofa né boða um það. Hátekjuskattur sé ekki á verkefnaskrá þessarar ríkisstjórnar.

„Þannig að ég held að menn eigi bara að anda rólega.“

Norskir stjórnámamenn hafa síðustu daga orðað hugmyndir um myntsamstarf við Íslendinga og Steingrímur hefur lengi viljað skoða slíka möguleika. Nú kemur fjármálaráðherra Noregs, Kristin Halvoren, til landsins um næstu helgi til að fagna tíu ára afmæli VG.

Spurður hvort myntsamstarf verði rætt við Halvorsen, segir Steingrímur að það sé „líklegt að það verði á dagskránni, jú“.

Um hvort væntanlegur sé niðurskurður í rekstri Varnarmálastofnunar, en kostnaður við hana

hefur verið gagnrýndur af VG, segir Steingrímur. „Jú, ég vona að nýr og vaskur utanríkisráðherra finni þar leið til sparnaðar. Fjármálaráðherra yrði mjög glaður yfir því.“ Ráðherrarnir hafi rætt þetta en það sé á verksviði Össurar Skarphéðinssonar.

Í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er fjallað um greiðsluadlög- un og greiðsluþjónun lána. Rætt hefur verið um að fella jafnvel niður ákveðnar skuldir. Spurður um fjármögnun og kostnað af þessum aðgerðum segir Steingrímur að það lendi á íbúðalánasjóði og þeim bönkum sem eiga lánin. „Það fara ekki peningar úr ríkissjóði í þetta, ekki sjálfkrafa,“ segir hann, en vill ekki ræða útfærsluna nákvæmlega.

klemens@frettabladid.is

Fáðu yfirsýn yfir fjármálin

Komdu í Fjármálaviðtal

Við veitum þér persónulega þjónustu með vandaðri heildarráðgjöf um fjárhagslega stöðu heimilisins. Fjármálaviðtal er góð leið til að fá skýra yfirsýn yfir fjármál heimilisins og ræða leiðir til úrbóta.

Í Fjármálaviðtali förum við saman yfir eignir og skuldir, tekjur og útgjöld og gerum greiðsluáætlun fyrir þín lán.

Í Fjármálaviðtali förum við m.a. yfir:

- ➔ Eignir á móti skuldum
- ➔ Gjöld og tekjur
- ➔ Útgjaldaáætlun og heimilisbókhald
- ➔ Lánamat og greiðsluáætlun lána
- ➔ Skilmálabreytingar og sameiningu lána

Á glitnir.is og í útibúinu þínu getur þú líka nálgast einfaldar og öflugar lausnir til að setja heimilinu fjárhagsleg markmið.

www.glitnir.is/markmid

GLITNIR

Neytendur: Skítugir bílar í vetrartíð

Ódýrari tjöruhreinsir og rúðupiss



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðaráð á neytendur@frettabladid.is

Það er sama hvað maður reynir, bíllinn verður drulluskítugur eins og skot í þessari tíð. Tjöruhreinsirinn er ekki gefinn, búast má við að þurfa að borga yfir þúsundkall fyrir lítrann. Bílaspekingurinn Leó M. Jónsson (leoemm.com) segir að heimalagaðan tjöruhreinsi sé hægt að búa til með steinolíu blandaðri saman við sirka fimm prósent uppþvottasápu. Á stærri bensínstöðvum fæst steinolía af dælu á rúmlega hundrað kall lítrinn svo þetta er umtalsverður sparnaður.

Annað sem maður eyðir mikið í núna er rúðupiss. Sjálfur hef ég ekki

undan við að láta fylla á tankinn. Af bensínstöðvunum er Egó með ódýrasta rúðuvökvann. Maður dælir honum á í sjálfsala á 130 krónur lítrann. Hjá Skeljungu kostar vökvinn 170 krónur lítrinn, en N1 og Olís eru með lítrann á 215 og 216 krónur. Europris selur hins vegar fjögurra lítra brúsa af vökva sem þolir 12 gráðu frost á 449 krónur og Höfðabílar, Fosshálsi, eru með þriggja lítra brúsa af rúðupissi sem þolir 20 gráðu frost á 450 kr.

Þá þarf rúðupurrkan auðvitað að vera hrein í svona slabbtíð. Best er að taka skítinn af með ísvara



SLABB Eins gott að sjá almennilega út.

eða olíuhreinsi. Á flestum bensínstöðvum er brúsi úti við fyrir kúnnana og tvístur eða hreinsipappír.

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU REKKJUNNAR

20-60% AFSLÁTTUR!

Prýstjöfnunar-
svamprúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
**KOSTAR NÚ
99.300 kr.**

RÚMSTÆÐI MEB
LATEX HEILSUDÝNU
**ALLT AD
40%
AFSLÁTTUR**

FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
**ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR**

SVEFNSÓFAR
**ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
38.000 kr.

SÆNGURVER
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
3.710 kr.

COMODO
Svefmsófi
Verð áður 398.950 kr.
**KOSTAR NÚ
279.265 kr.**

HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
5.530 kr.

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
**KOSTAR NÚ FRÁ
89.900 kr.**

rekkjan

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvert er kjörorð tannverndarvikunnar 2008?

2. Hvað heitir nýr dómsmálaráðherra?

3. Hvar var hraðbanka stolið í heilu lagi aðfaranótt sunnudags?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Óánægja í Fjallabyggð:
Tjón á höfnum
fæst ekki bætt

TRYGGINGAR Hafnarstjórn Fjalla- byggðar hefur lýst megnri óánægju með þá ákvörðun Viðlagatryggingar Íslands að hafna kröfu sveitarfélagsins um greiðslu tveggja milljóna króna bóta vegna tjóns sem varð í Ólafsfjarðarhöfn í október síðastliðnum af völdum öldugangs. Sama dag varð einnig tjón á höfninni í Siglufirði vegna hárrar sjávarstöðu. Par samþykkti Viðlagatrygging að greiða Fjallabyggð rúmlega milljón. „Þá er eftir að draga frá sjálfsábyrgð, þannig að þátttaka viðlagatryggingar er lítil sem engin,“ segir í bókun hafnarstjórnar sem vill fund með framkvæmdastjóra Viðlagatryggingar til að ræða málin.

8FRÉTTABLAÐIÐ

Bændur í Grikklandi hafa í hálfan mánuð efnt til mótmæla af ýmsu tagi:

Táragas stöðvar dráttarvélar

GRIKKLAND, AP Óeirðalögreglan í Grikklandi beitti táragasi til að stöðva bændur sem hugðust aka dráttarvélum sínum inn í Aþenu. Að minnsta kosti tveir hlutu meiðsli, þar á meðal einn þingmaður PASOK, sem er stjórnarandstöðuflokkur sósíalista.

Bændurnir hafa í hálfan mánuð mótmælt lágu afurðaverði og krefjast fjárstuðnings frá ríkinu. Bændurnir hafa notað dráttarvélar til þess að loka bæði landamærum og þjóðvegum til að vekja athygli á málstað sínum.

Í gær komu um þúsund manns með ferjum frá eyjunni Krit til Piraeus-hafnar skammt frá Aþenu

með tugi dráttarvéla, vörubifreiða og annarra landbúnaðartækja, sem meiningin var að aka inn í borgina alla leið að landbúnaðarráðuneytinu.

Stjórnvöld ákváðu hins vegar að einungis fótgangandi fólki yrði leyft að taka þátt í mótmælunum.

„Við lítum á ráðuneytið sem heimkynni allra bænda og dyrnar standa alltaf opnar,“ sagði Michalis Papadopoulos aðstoðarlandbúnaðarráðherra.

Hópur bænda reyndi að aka dráttarvélum í gegnum raðir lögreglunnar, sem hafði stillt sér upp við höfnina. Lögreglan beitti þá táragasi til að hindra för bændanna.

- gb

3. febrúar 2009PRÍÐJUDAGUR

Breytt þjónusta Icelandair:
Selur kodka og
teppi í flugi

SAMGÖNGUR Icelandair tekur 800 krónur fyrir að láta farþega fá teppi og kodka í flugi, alveg sama hversu langt flugið er eða hvort það er til Evrópulands eða Bandaríkjanna. Farþegar kaupa því teppið og koddann og geta tekið hvort tveggja með sér að flugi loknu. Farþegar geta líka komið með teppi og kodka að heiman.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að með nýjum sætum í lok október hafi þjónustunni um borð verið breytt. Nú sé maturinn seldur, einnig teppi og hálskragi eða kodd og það sé gert í hagræðingarskyni.

- ghs

KARTÖFLUM KASTAÐ Í LÖGREGLU Bændurnir í Aþenu gripu sumir til þess ráðs að kasta kartöflum í lögregluþjóna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sakar lögreglu um að brjóta á rétti sínum 156 sinnum:

Þorsteinn Kragh
krefst frávísunar

DÓMSMÁL Athafnamaðurinn Þorsteinn Kragh, sem ákærður er fyrir aðild að einu umfangsmesta fíkniefnasmygli Íslandssögunnar, hefur krafist frávísunar málsins. Helgi Jóhannesson Lögmaður hans segir að lögregla hafi ítrekað brotið á rétti Þorsteins við rannsókn málsins með því að láta sér ekki í té gögn tengd málinu innan tilskilins frests. Það hafi gerst 156 sinnum. Málið snýst um 190 kíló af hassi sem aldaður Hollendingur flutti til landsins í húsbíl með Norrænu í júní síðastliðnum. Þorsteinn var handtekinn nokkrum mánuðum síðar grunaður um aðild að málinu.

Hann sat í gæsluvarðhaldi mánuðum saman. Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari hjá ríkissaksóknara, fellst ekki á rök Helga og segir að meint brot lögreglu, sem lögregla hefur raunar ekki andmælt, nægi ekki til frávísunar málsins. Hún segir að Þorsteinn gæti mögulega sótt rétt sinn vegna þeirra eftir öðrum leiðum. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagðist ekki þekkja til málsins og vildi ekki tjá sig um það. Málið um frávísunarkröfuna verður flutt fyrir dómi í dag og er ákvörðunar að vænta fljótlega í kjölfarið.

FRUMVÖRP Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hófu setu sína í stjórnarandstöðu á því að kynna frumvörp sem þeir hyggjast leggja fram á þingi á morgun.

Skiptir miklu
fyrir heimilin

Sjálfstæðismenn ætla að leggja fram frumvörp sem unnin voru þegar flokkurinn var í ríkisstjórn. Tækifæri fyrir ný stjórnvöld til að styðja aðgerðir í þágu heimilanna segir þingflokksformaður flokksins.

STJÓRNMÁL Þingmenn Sjálfstæðisflokks ætla að hefja þingsetu sína í stjórnarandstöðu á morgun með því að leggja fram tvö frumvörp sem eiga að bæta stöðu heimilanna, um skuldaaðlögun og úttekt á séreignarsparnaði. Frumvörpin voru bæði unnin meðan flokkurinn sat í ríkisstjórn. „Við leggjum mikla áherslu á að þessi mál komi fram núna,“ segir Arnþjórg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. Stjórnarkreppan hafi þegar tafið þessi mikilvægu mál of mikið. „Ég vona að það sé einlægur vilji hjá núverandi stjórnarflokkum til að ljúka málum sem skipta heimilinu í landinu mjög miklu máli,“ sagði Arnþjórg. Hér sé komið tækifæri fyrir stjórnvöld að styðja þessi frumvörp og sjá til þess að þau hafi skjótan framgang. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir algert samkomulag hafa verið milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um þessi mál. Frumvarp Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra, var afgreitt úr ríkisstjórn og þingflokki Sjálfstæðisflokks í janúar og hefur beðið afgreiðslu þingflokks Samfylkingar á þriðju viku, segir Björn. Verði frumvarpið að lögum mun það einfalda málsmeðferð þegar einstaklingur óskar eftir nauðarsamningum við kröfuhafa. Það ætti enn fremur að gera skuldur um aukna möguleika á að sleppa við að fara í gjaldþrot. „Grundvallarbreytingin felst í því að auðvelda fólki að ganga til samninga,“ segir Björn. Málinu verði endanlega lokið með því að greiða ákveðinn hluta skulda, í stað þess að fara í gjaldþrot sem fyrnist á ákveðnum tíma. Frumvarp Árna M. Mathiesen,

Ég vona að það sé einlægur vilji hjá núverandi stjórnarflokkum til að ljúka málum sem skipta heimilinu í landinu mjög miklu máli.

ARNÞJÓRG SVEINSDÓTTIR ÞINGFLOKKSFORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

fyrirverandi fjármálaráðherra, átti að leggja fyrir ríkisstjórn í síðustu viku. Það mun heimila fólki að nota séreignarsparnað til að greiða upp skuldir, segir Árni. Hann segir ekki ljóst hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á lífeyrissjóðina. Yngri aldurshóparnir skuldi meira en þeir eldri, en eigi um leið minni séreignarsparnað. Þar sem fjármunirnir fari í að greiða upp skuldir megi líta svo á að verið sé að færa þá úr einni tegund sparnaðar í aðra. Stærstu lífeyrissjóðirnir gætu komið út nokkurn veginn á sléttu, noti fólk sparnaðinn til að greiða upp lífeyrissjóðslán, segir Árni. Minni sjóðir geti þurft að grípa til aðgerða leysi margir til sín séreignarsparnað sinn. Erfitt er að meta hversu margir munu nýta sér þennan möguleika, segir Árni. Á að giska þriðjungur af séreignarsparnaði landsmanna verði tekinn út og nýttur til greiðslu skulda, verði frumvarpið að lögum. Ný stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur þegar boðað frumvarp sem opna mun fyrir séreignarsparnað fyrir sjóðsfélaga í kröggum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í gær að frumvarp Björns um skuldaaðlögun sé ekki nægilega vel unnið, og gildisvið þess sé of þröngt.

brjann@frettabladid.is

FJÁRMÁL HEIMILISINS

Lausnir sem
geta hjálpað
heimilinu

STÖÐUMAT | HEIMILISBÓKHALD | RÁÐGJÖF

VIÐ FÖRUM MEÐ ÞÉR YFIR MÖGULEG ÚRRÆÐI


- Greiðslujöfnun
- Lengja lánstíma
- Skuldbreyta vanskilum

- Fresta afborgunum vegna sölutregðu
- Fresta greiðslu afborgana og vaxta

Pantaðu ráðgjöf á landsbanki.is,
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000.

Við bjóðum fram krafta okkar.
Pantaðu ráðgjöf á landsbanki.is

ENDEM / SÍA / NÚMÉR 79 NÚM. HT. (Landsbankinn), kt. 471008-2080



Dæmi um afslátt og styrki fyrir skráða atvinnulausa

Nám sem kostar 199.000

- 25% afsláttur NTV = 49.750

- Styrkur Vinnumálastofnunar* = 70.000

- Styrkur stéttarfélags = **Kannaðu rétt þinn!!!**

MENNTUN ER BESTA SÓKNIN!

YFIRLIT YFIR SPENNANDI NÁMSKEIÐ SEM BYRJA Í FEBRÚAR

STARFSNÁM

Skrifstofu- og tölvunám - 258 stundir - Verð: 199.000

Hagnýtt og uppbyggjandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína. Próf í tölvugreinunum gefa alþjóðlegt skírteini.

Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

- Morgunnámskeið byrjar 2. mars
- Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 9. mars
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. febrúar

Sölu- og markaðsnám - 264 stundir - Verð: 229.000

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

- Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. febrúar

Grunnnám í bókhaldi - 108 stundir - Verð: 99.000

Bókhaldsnámið er hagnýtt og hnitmiðað og er markmiðið að þjálfar fólk til að starfa við bókhald. Námið hentar einnig þeim sem eru með sjálfstæðan atvinnurekstur eða hyggja á að stofna eigið fyrirtæki og vilja öðlast skilning á bókhaldi. Í tölvubókhaldshluta námsins er kennt á Navision sem er eitt mest notaða bókhaldsforritið á markaðinum í dag.

- Morgunnámskeið byrja 17. mars
- Kvöldnámskeið byrjar 9. febrúar

GRAFÍSKT NÁM

Auglýsingatækni - 156 stundir - Verð: 196.000

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga.

Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

- Kvöldnámskeið byrjar 23. febrúar

Photoshop Expert - 72 stundir - Verð: 112.000

Námskeið fyrir þá sem vilja fá dýpri á nær óendanlegum möguleikum þessa frábæra verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

- Kvöldnámskeið byrjar 16. febrúar

Alvöru vefsíðugerð - 210 stundir - Verð: 209.000

Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnsfræði, Javascript, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri vefsvæða. Í lok námskeiðs ætti nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullunni vefsvæði.

Námskeiðinu er skipt í þrjá sjálfstæða hluta sem einnig er hægt að taka hvern fyrir sig:

- 1 - Myndvinnsla fyrir vefinn með Fireworks (54 stundir)
- 2 - Almenn vefsíðugerð með Dreamweaver (72 stundir)
- 3 - Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með Dreamweaver (84 stundir)

- Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 23. febrúar

**Þarf að sækja um hjá ráðgjafa vinnumálastofnunar*



Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**



KÁTUR HUNDUR Þessi hundur réði sér varla fyrir kæti í nýföllnum snjónum fyrir utan Hvíta húsið í Washington, þar sem hann hafði það hlutverk að gæta forseta Bandaríkjanna ásamt öryggisverði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjófnaður úr gróðurhúsi:
Stálu 30 lömp-
um og seldu þá

LÖGREGLUMÁL Stólnir gróðurhús-
lampar ganga kaupum og sölum,
að því er fram kemur í gæslu-
varðhaldsúrskurði Héraðsdóms
Suðurlands yfir sautján ára pilti.

Félagi pilsins viðurkenndi
fyrir lögreglu að þeir hefðu farið
þrír saman og brotist inn í gróð-
urhús í Árnessýslu. Þar stálu þeir
þrjátíu gróðurhúsalömpum sem
þeir seldu síðan á 250 þúsund
krónur. Félagi pilsins fékk 175
þúsund en hann sjálfur 75 þús-
und. Lögregla fékk ekki uppgefið
nafn kaupanda.

Pilturinn er nú laus úr gæslu-
varðhaldi.

- jss



LOK LOK OG LÆS Svona var aðkoman að
Seðlabanka Íslands klukkan þrjú í gær.
Þá hafði verið boðað til mótmæla.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Starfsemin sögð óskert:

Dyrnar læstar í Seðlabankanum

SEÐLABANKINN Aðaldyr Seðla-
banka Íslands voru lokaðar og
læstar upp úr klukkan þrjú í gær
þegar ljósmyndara Fréttablaðs-
ins bar að garði.

Á þeim tíma hafði verið boðað
til mótmæla sem báru yfirskrift-
ina „Davið út!“ Til stóð að safna
mynt í bauk handa Davíð Odds-
syni seðlabankastjóra „til að
seðja græðgi hans og auðvelda
honum að hætta“ eins og sagði í
tilkynningu á Fésbók.

Stefán Jóhann Stefánsson hjá
Seðlabanka gat ekki útskýrt
hvers vegna bankanum hefði
verið lokað. Starfsemi hefði verið
með eðlilegum hætti um daginn.

- kóp

Hjón með fimm börn meðal þeirra sem leituðu til Mæðrastyrksnefndar í janúar:

Þúsund fengu mataraðstoð

SAMFÉLAGSMÁL „Í janúar hafa um
þrjú til fjögur hundruð gestir
komið í hverja úthlutun,“ segir
Ragnhildur G. Guðmundsdóttir,
formaður Mæðrastyrksnefndar.
„Það er gríðarleg fjölgun miðað
við árið í fyrra, allt að tvö hund-
ruð prósent. Á bak við flesta sem
koma er fjölskylda. Það eru því
nálægt þúsund manns á mánuði
sem reida sig á okkur. Við leggjum
allan okkar metnað í að sinna þeim
sem koma eftir bestu getu.“

Samsetning hópsins hefur
breyst verulega. „Fjölskyldum
hefur fjölgað, við höfum meðal
annars fengið til okkar hjón sem
bæði eru atvinnulaus með fjögur

til fimm börn. Hópur útlendinga
hefur líka farið stækkandi og við
höfum fengið túlk til okkar svo við
getum aðstoðað þá.“

Enn sem komið er gengur starf-
semin þó ágætlega og enginn fer
tómhentur frá nefndinni. „Við
erum sparsamar og förum vel
með svo við búum ágætlega enn
þá, enda húsmæður sem kunna vel
til verka. En ef aukningin heldur
áfram segir það sig sjálft að við
þurfum að skoða stöðuna.“

Einstaklingar, félagasamtök,
fyrirtæki og stéttarfélag hafa verið
liðtæk að styrkja Mæðrastyrks-
nefnd. Ragnhildur segir þó þörf
fyrir meira og því séu peninga- og



KONUR ÚR MÆÐRASTYRKSNEFND Egg
eru algeng í matarskömmtn Mæðra-
styrksnefndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


matargjafir vel þegnar. Tekið er á
móti framlögum á þriðjudögum frá
klukkan tíu til þrjú.

- hhs

Sjálfstæðisflokkur var oftast í fréttum


Stjórnmalaflokkar voru oftast nefndir og stjórnmalamenn voru oftast viðmæl-
endur í fréttum síðasta árs, samkvæmt samantekt Fjölmíðlavaktarinnar. Konur
voru um fimmtungur viðmælenda, oftast viðmælendur hjá Sjónvarpinu.

Hlutfall fréttu í dagblöðum árið 2008



HEIMILD: CREDITINFO-FJÖLMÍÐLAVAKTIN

Hlutfall fréttu í ljósvakamiðlum árið 2008



HEIMILD: CREDITINFO-FJÖLMÍÐLAVAKTIN

ið birti næstflestar, eða 28 prósent
þeirra.

Flestar ljósvakafréttir voru hins
vegar á samtengdum rásum Rásar
1 og 2 í Ríkisútvarpinu, tæplega
41 prósent innlendra fréttu sem

fluttar eru í ljósvakamiðlum. Rúm
38 prósent fréttu eru á Stöð 2 og
Bylgjunni en rúmlega 21 prósent
fréttu ljósvakamiðlanna eru fluttar
í Sjónvarpinu.

svanborg@frettabladid.is

Höfuðborgarsvæðið:

Heilu gróður- húsin tekin

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuð-
borgarsvæðinu haldlagði sam-
tals 530 kannabisplöntur í jan-
úar.

Plönturnar, sem flestar voru
á lokastigi ræktunar, fundust
við húsleitir á ýmsum stöðum í
umdæminu.

Um er að ræða allnokkur aðskil-
in mál.

Samhliða hefur verið lagt

hald á ýmsan búnað sem tengist
starfseminni, þar á meðal nokk-
urt magn gróðurhúsalampa.

Þess má geta að allt árið 2008

lagði lögreglan á höfuðborgar-
svæðinu hald á um 700 kannabi-
splöntur.

- jss



ÚÐABRÚSINN MUNDABUR Hér sést
dreift úr piparúðabruða niður í garðinn
og yfir fólk sem var þar.

MYND/PÁLL HILMARSSON

Piparúðaður ljósmyndari:

Saksóknari líti yfir mótmælin

MÓTMÆLI Páll Hilmarsson ljós-
myndari hefur beðið ríkissak-
sóknara um að rannsaka atvik,
þar sem lögreglukona á að hafa
úðað piparúða í andlit hans.

Páll hefur lýst því hér í blað-
inu að konan hafi að ástæðulausu
úðað yfir fólk, sem var í nokkurri
fjarlægð og hinum megin girð-
ingar, í Alþingisgarðinum þriðju-
daginn 20. janúar. Þetta hafi
gerst oftar en einu sinni.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri
segir lögreglu hafa farið yfir
atvikið. „En við teljum ekki neina
ástæðu til að gera neitt í tengsl-
um við það eða önnur mál,“ segir
hann.

- kóp

UNGVERJALAND

Ungverjar vilja Ísland í ESB

Kinga Goncz, utanríkisráðherra
Ungverjalands, hefur lýst stuðningi
við að Ísland fái aðild að Evrópusam-
bandinu.

NOREGUR

Lækka laun

Norsk fyrirtæki óska nú eftir því við
starfsmenn sína að lækka launin til
að hjálpa fyrirtækinu að halda öllum
starfsmönnum í vinnu. Í sumum
tilfellum hefur starfshlutfallið verið
minnkað. Sum fyrirtæki ætla að
greiða launaskerðinguna til baka
þegar vel árar ef ekki þarf að nota
peningana.

www.lyfja.is

LYFJA
– Lífið heil



20% verðlækkun⁺

KARBOBLOKKER Kolvetnabani, 120 töflur.
Minnkar hungurtífinningu og hindrar upptöku
kolvetna í líkamanum.

~~2.518 kr.~~ **1.998 kr.**



20% verðlækkun⁺

VOLTAREN EMULGEL
~~2.800 kr.~~ **1.824 kr.**

Af hverjum seldum mæli renna
500 kr. til Hjartaheilla.

HjartaHeill



15% verðlækkun⁺

MICROLIFE BLÓÐPRÝSTINGSMÆLIR
Sjálfvirkur blóðþrýstingsmælir, einfaldur í notkun
og nákvæmur. Minni: 30 niðurstöður.

~~1.678 kr.~~ **9.926 kr.**

⁺ Gildir til 8. 2. 2009

Átján mánaða fangelsi:
Dæmdur í fangelsi fyrir 43 brot

DÓMSTÓLAR Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir 43 brot sem hann framdi á árinu 2008. Brotin eru margvíslegs eðlis, en meðal þeirra eru fjöldi innbrota og þjófnaða, fjársvika og umferðarlagabrota.

Maðurinn á langan afbrotaferil sem hófst árið 1997. Hann var síðast dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í maí 2007.

Auk fangelsisrefsingarinnar er maðurinn sviptur ökuréttindum í þrjú ár og gert að greiða fimm aðilum samtals vel á annað hundrað þúsund krónur í skaðabætur.

- sh



EIÐISTORG Bæjarstjórinn vill jákvæða umsögn um rekstrarleyfi fyrir Rauða ljónið.

Veitingarekstur á Eiðistorgi:
Rauða ljónið fái skilyrt vínleyfi

SELTJARNARNES Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir að rekstraraðili veitingastaðarins Rauða ljónsins á Eiðistorgi eigi ekki að gjalda fyrir ítrekuð mistök og brot forveranna. Því eigi að gefa út nýtt rekstrarleyfi fyrir Rauða ljónið en með ströngum skilyrðum þó. Þannig eigi dyraverðir Rauða ljónsins að gæta alls torgsins í verslunarmiðstöðinni eftir að annarri starfsemi er lokað á kvöldin.

Engin ummerki um veitingareksturinn megí vera á torginu. Þá sé eftirlit með kráargestum þannig að aðrir á torginu verði ekki fyrir ónæði eða óþægindum, segir í tillögu bæjarstjórans að umsögn af hálfu bæjarins.

- gar

Mannrán í Pakistan:
Starfsmanni SP rænt í Quetta

PAKISTAN, AP Vopnaðir menn rændu í gær John Solecki, bandarískum starfsmanni Sameinuðu þjóðanna í Pakistan, og drápu bifreiðarstjóra hans.

Solecki er yfirmaður skrifstofu flóttamanna-stofnunar Sameinuðu þjóðanna í borginni Quetta, sem er skammt frá landamærum Afganistans. Talið er hugsanlegt að Mullah Omar og fleiri leiðtogar afganskra talibana séu þar í felum.

Útanríkisráðuneyti Pakistans sagði mannránið hryðjuverk, en ekki var ljóst hverjir stóðu að ráninu.

- gb

AFRÍKA

Gaddaí leiðtogi Afríkuríkja
Moamar Gaddaí Líbíuleiðtogi hefur verið kosinn formaður Afríkubandalagsins. Leiðtogar aðildarríkja bandalagsins skipta með sér formennskunni, og fer hver þeirra með hana í eitt ár í senn.

FJARÐABYGGÐ

Atvinnulausir synda frítt
Atvinnulaust fólk í Fjarðabyggð fær eftirleiðis frítt í sundlaugar sveitarfélagsins. Hugmyndin mun komin frá aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ.

Samtök um bíllausan lífsstíl gagnrýna skerta þjónustu Strætós frá 1. febrúar:
Strætóferðum fækkar til muna

SAMGÖNGUR Ferðum á flestum leiðum strætisvagna Strætós bs. verður fækkað utan háannatíma frá 1. febrúar.

Allar helstu leiðir, nema leiðir eitt og sex, munu aka á hálf tíma fresti utan annatíma. Nokkrar leiðir munu aka á klukkutíma fresti utan annatíma. Þá munu langflestar leiðir ganga á klukkutímabreytingu á kvöldin og um helgar. Allar leiðir byrja akstur tveimur tímum seinna á sunnu- og helgidögum.

Stjórn Samtaka um bíllausan lífsstíl gagnrýna breytingarnar harðlega. Þær séu eins og blaut tuska í andlit þeirra sem höfðu í hyggju að draga verulega úr útgjöldum



Í **STRÆTÓ** Frá 1. febrúar mun draga verulega úr ferðum strætisvagna.

heimilisins með því að velja sér hagkvæmari ferðamáta. „Á erfiðum tímum hafa frændþjóðir okkar kosið að efla almenningssamgöngur með jákvæðum afleiðingum á

umhverfi, borgarlíf og efnahag landsmanna. Okkur sviður að sjá íslensk yfirvöld stefna í þveröfuga átt,“ segir í tilkynningu frá samtökunum.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós bs., segir að leitast hafi verið við að skerða þjónustu við farþega sem allra minnst. „Við höfum verið að keyra á mikilli tíðni, líka á leiðum þar sem farþegar eru fáir eða jafnvel engir. Við höfum haft dæmi um leiðir þar sem tíu ferðir af hverjum fimmtán á kvöldi eru án farþega. Kostnaðurinn við þessar fimmtán ferðir hefur verið allt að 6.500 krónur á hvern einasta farþega.“

- hhs/ovd

Gott að vita

vorönn 2009

Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrána. Stefnan er að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Engin þátttökugjöld eru á námskeið og fyrirlestra.

Ljósmyndun – minni og stærri vélar

Minni vélar: Þri. 3., 10. og 17. feb. kl. 16:30-19:30.

Stærri vélar: Þri. 3., 10. og 17. mars kl. 16.30-19.30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson, áhugaljósmyndari.

Skapandi skrif – um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta

Tími: Þri. 24. feb, 3. og 10. mars kl. 19-22:30.

Lengd: 10,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur.

Skapandi skrif, framhald – um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta

Tími: Þri. 24., 31. mars, & 7. apríl kl. 19-22:30.

Lengd: 10,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur.

Fjármál

Tími: 17., 18., 24., 25. og 31. mars Kl. 16.30- 19.00

Lengd: 5 skipti, 12,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Garðar Björgvinsson fjármálaráðgjafi.

Skattaframtal

Tími: Þri. 18. mars kl. 16.30-19.

Lengd: 2,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson, deildarstjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.

Stafganga

Tími: 22., 27., 29. apríl og 4. og 6. maí kl. 18-19

Lengd: 5 klst.

Staður: Fyrsti tími er á Grettisgötu 89, 1. hæð og hinir í Laugardalnum.

Leiðbeinandi: Halldór Hreinsson, stafgöngukennari og göngufararstjóri m.m.

Enska – þátttaka í umræðuhópum

Tími: 27. og, 29., apríl, 4., 6., 11., 13. maí, kl. 16.30 - 18.30

Lengd: 6 skipti, 12 klst

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Mica Allen.

Hagfræði á mannamáli

Tími: 25. febrúar kl. 16:30-18:30

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Þórunn Klemenzdóttir þjóðhagfræðingur.

Mínir styrkleikar skapa minn árangur – Dale Carnegie

Tími: 12. mars, kl. 19:30 – 21:30

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Lára Óskarsdóttir Dale Carnegie þjálfari og ráðgjafi.

Að takast á við breytingar

Tími: 2. apríl, kl. 16:30-19:30

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Gísli Blöndal.

Viðbrögð við reiði og sorg í samfélaginu!!

Tími: Fim. 26. feb. kl. 16:30- 20:30

Lengd: 4 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Eyþór Eðvalds, þekkingarmiðlun

Hádegis- og síðdegisfróðleikur

Hláturjoga

Tími: Fös. 13. feb. kl. 12:00-12:50.

Miðvd. 18. feb kl. 16:30 -17:30

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Ásta Valdimarsdóttir.

Jafnrétti

Tími: Fös. 13. mars kl. 12:00-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Gyða Margrét Pétursdóttir.

Ferðalög innanlands

Tími: Fös. 17. apríl kl. 12-12:50

Þri. 21. apríl kl. 16:30-17:20

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Páll Ásgeir Ásgeirsson.

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Skráning og nánari upplýsingar:

SFR
www.sfr.is
Sími 525 8340

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
www.strv.is
Sími 525 8330



ÚRSKURÐUR MÚRMELDÝRSINS Ben Hughes heldur á Punxsutawney Phil, sem Bandaríkjamenn fylgjast grannt með 2. febrúar ár hvert. Hughes sá skugga dýrsins í gær, og telur því fullvist að vetur standi í sex vikur enn.

Búmenn fá fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði vegna nýs miðbæjarkjarna: Lána 750 milljónir á Álftanes

BYGGINGARIDNADUR Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt að lána Búmönnum 750 milljónir króna til fyrsta áfanga framkvæmda á miðsvæði Álftaness. Þetta upplýsti Sigurður Magnússon bæjarstjóri á bæjarstjórnarfundum.

Um er að ræða lán til tíu fyrstu íbúðanna og þjónustumiðstöðvar. „Áformað er að þessar framkvæmdir geti hafist í sumar og því þurfi að semja sem fyrst um vegaframkvæmdir,“ segir í fundargerð bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks sögðu að ekki lægju fyrir samningar bæjarfélagsins við Búmenn um afnot og nýtt



Á ÁLFTANESI Fulltrúar Á-listans segja þrengingar á lánamarkaði valda því að þeir vilja skipta á byggingarrétti fyrir framkvæmdir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ingu þess húsnæðis sem eigi að byggja.

„Ekkert liggur fyrir um leigu-

verð til bæjarfélagsins og ætlaðra íbúa. Ekki liggur fyrir framkvæmdaáætlun eða rekstraráætlun fyrir mannvirknið. Hver verður fjárhagsleg skuldbinding bæjarsjóðs vegna verkefnisins, meðal annars vegna gatnagerðar, nú þegar ljóst er að bæjarsjóður er þegar alvarlega skuldbettur?“ segir í bókun sjálfstæðismanna sem sátu hjá þegar meirihluti Á-listans samþykkti, í ljósi þrenginga á lánamarkaði, að kanna möguleika á því að fjárfestar eða framkvæmdaaðilar gætu tekið við byggingarétti á miðsvæðinu af sveitarfélaginu sem hlutagreiðslum vegna framkvæmda.

- gar

Norski miðflokkurinn: **Skoðanaskipti óhugsandi**

NOREGUR Miðflokkurinn í Nor-egi ætlar ekki að taka ESB-málin á dagskrá þó að Framsóknarflokkurinn, systurflokkur hans á Íslandi, sé hættur andstöðu sinni við inngöngu í ESB. Miðflokkurinn er að móta sér nýja stefnuskrá fyrir 2009-2013, að sögn norska dagblaðsins VG.

Liv Signe Navarsete, formaður flokksins, segir óhugsandi að stefnubreyting Framsóknarflokksins hafi nokkur áhrif á Miðflokkinn. „Það er óhugsandi að það verði nokkur breyting á afstöðu flokksins til ESB meðan ég er formaður flokksins,“ segir hún.

- ghs



Í Markaðnum á morgun

HVAÐ MÁ BÚAST VIÐ AÐ KREPPAN VERÐI LÖNG EÐA DJÚP?

MARKAÐURINN FER YFIR HELSTU SAMKOMU AUÐ- OG ÁHRIFAMANNA SEM NÝLOKIÐ ER Í DAVOS Í SVISS.

FRÉTTIR OG FRÓÐLEIKUR ÚR VIÐSKIPTALÍFINU

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

Stjórn VM ályktar um hvalinn: Styðja hvalveiðarnar einróma

SJÁVARÚTVEGUR Stjórn Félags vélstjóra og málmtæknimanna, VM, samþykkti einróma á fundi sínum í gær að lýsa yfir stuðningi við ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að heimila veiðar á langreyði og hrefnu til ársins 2013.

„Ég er nýsestur í þennan stól eftir 27 ár á sjónum,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður VM.

„Áður fyrr þótti það mikil upplifun að sjá hval en síðustu sjó til tíu árin er allt morandi í þessu. Sérfræðingar hafa sagt að hvalur hér við land éti um sex milljón tonn af fiski. Ég skil ekki af hverju umhverfisverndarsinnar og þeir sem vilja veiða geta ekki mæst á miðri leið, við þurfum líka á störfunum að halda sem fylgja veiðunum svo nú ríður á.“

- jse



TIL BRÁÐABIRGÐA Í TJALDI Palestínumenn höfðu nokkrir komið sér fyrir til bráðabirgða í tjöldum í flóttamannabúðunum Jebaliya á Gasaströnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðræður í Egyptalandi

Vopnahlé Ísraela og Hamas hangir á bláþræði. Egyptar reyna að miðla málum og segjast bjartsýnir. Sarkozy Frakklandsforseti einnig í viðræðum.

PALESTÍNA, AP Flugskeyti frá Ísrael-skri herþotu var í gær skotið á bifreið sem var á ferð á sunnanverðu Gasasvæði, með þeim afleiðingum að einn Palestínumaður lést.

Daginn áður höfðu Ísraelar hótad Palestínumönnum á Gasa hörðum hefndaraðgerðum vegna sprengjuflaugaárása frá svæðinu yfir landamærin til Ísraels.

Vopnahléið, sem bæði Hamas-hreyfingin og Ísraelsstjórn lýstu yfir einhliða 18. janúar síðastliðinn, hangir á bláþræði. Hamasliðar hafa haldið áfram sprengjuflaugaárásum sínum og Ísraelar hafa einnig haldið áfram loftárásum sínum.

Egyptar sögðust engu síður í gær vonast til þess að samkomulag um vopnahlé milli Ísraelsstjórnar og Hamashreyfingarinnar á Gasaströnd verði komið í höfn á fimmtudag.

Sendinefnd frá Hamas hélt til viðræðna við Egypta í gær. Leiðtogar Hamas vilja að vopnahlé standi í eitt ár og feli í sér að landamæri Gasastrandar verði opnuð.

Ísraelar krefjast þess á móti að sprengjuflaugaárásum á Ísrael linni og vilja tryggingu fyrir því að Hamas safni sér ekki vopnum. Hamasmenn hafna þessu skilyrði:

„Við erum andspyrnuhreyfing og hersetin þjóð og það er réttur okkar að eiga vopn,“ sagði Abu Zuhri, talsmaður Hamas.

Hann segir Hamas einnig hafa hafnað því að tengja örlög ísraelska hermannasins Gilads Schalit við vopnahléssamkomulag. Schalit hefur verið í gíslingu á Gasasvæðinu síðan 2006.

Egyptar hafa gegnt lykilhlutverki í viðræðum um vopnahlé. Hamasliðar og Ísraelar hafa ekki viljað ræðast við beint, en Egyptar hafa átt fundi með hvorum tveggja til að finna sameiginlega fleti.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti átti í gær fundi í París með bæði Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, og George Mitchell, nýjum erindreka Baraks Obama Bandaríkjaforseta í Mið-Austurlöndum. Einnig hitti Sarkozy forsætisráðherra Katars, Sheik Hamad bin Jassem al-Thani, sem átti þátt í að leysa harðvítugar deilur í Líbanon á síðasta ári.

Ísraelar ganga til kosninga í næstu viku og velja sér nýtt þing. Samkvæmt skoðanakönnunum eiga harðsnúnir hægrimenn von á stórsigri. Benjamin Netanyahu, leiðtogi Likudflokksins, gæti því hæglega orðið forsætisráðherra landsins á ný.

gudsteinn@frettabladid.is

Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþrúð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

**TRYGGINGASTOFNUN
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU
HEYRNARTÆKJA!**

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímá pantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 38

OMX ÍSLAND 15

313 +0,25%

Velta: 29 milljónir

OMX ÍSLAND 6

895 -1,01%

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
↑	EIMSKIPAFÉLAGIÐ +1,00%	↓	STRAUMUR BAKKAVÖR ÖSSUR -3,57%
			-1,08%
			-0,63%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,95 +0,00% ... Atlantic Airways 165,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,00% ... Bakkavör 1,84 -1,08% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,01 +1,00% ... Føroya Banki 116,00 -0,43% ... Icelandair Group 13,41 +0,00% ... Marel Food Systems 64,20 -0,31% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,62 -3,57% ... Össur 94,60 -0,63%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Væntingar sjást í skuldabréfum

„Svo virðist sem verðbólguvæntingar hafi breyst verulega á skuldabréfamarkaði í kjölfar birtingar Seðlabankans á Peningamálum síðastliðinn fimmtudag,“ segir í umfjöllun Greiningar Glitnis.

Vísað er til þess að ávöxtunarkrafa á stysta flokki íbúðabréfa hafi hækkað snarpt í lok síðustu viku, en flokkurinn er sagður hvað viðkvæmastur fyrir verðbólguvæntingum. Þá hafi ávöxtunarkrafa flestra óverðtryggðra ríkisbréfa lækkað talsvert frá vaxtaákvörðun Seðlabankans.

Verðbólguþspá Seðlabankans var mun hjartsýnni hvað verðbólguhorfur varðar en fyrri spá í nóvember. Gert er ráð fyrir að verðbólga sé nú í hámarki og verði komin niður undir 2,5 prósent markmið Seðlabankans að ári liðnu.

- óká



BEÐIÐ EFTIR VIÐSKIPTAVINUM Einkaneysla hefur dregist saman í sex mánuði af sjö í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Enn dregur úr einkaneyslu

Einkaneysla dróst saman um eitt prósent í Bandaríkjunum í desember, samkvæmt upplýsingum bandaríska viðskiptaráðuneytisins, sem birtar voru í gær. Að teknu tilliti til lækkunar vöruverðs nam samdrátturinn hálfu prósentu.

Þetta er í takti við væntingar, samkvæmt netmiðilinum Market-Watch.

Einkaneysla vestra hefur dregist saman jafnt og þétt síðastliðna sjö mánuði. Nóvember er þar undantekning en þá jókst neysla um 0,3 prósent frá október.

Niðurstaðan virðist benda til að neytendur hafi hugsað sig vel um áður en þeir tóku upp veskið í jólamánuðinum. Þá eru vísbendingar um að sparnaður hafi aukist talsvert. Það getur svo komið harkalega niður á hagvísum þar eð hagvöxtur í Bandaríkjunum er mjög neysluknúinn.

- jab

Olíuverð lækkar

Heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði um rétt rúm tvö prósent þegar mest var á olíumarkaði vestanhafs í gær og fór það um tíma í 40,79 dali á tunnu. Ástæðan er verkfallsboðun starfsmanna hjá olíuhreinsistöðvum í Bandaríkjunum.

Kjarasamningar þeirra runnu út á laugardag og hafði þá enn enginn sest við samningaborðið. Reiknað er með að verkfall gæti haft áhrif á sextíu olíuhreinsistöðvar í Bandaríkjunum. Verkfall var hins vegar dregið til baka eftir að forsvarsmenn olíufyrirtækja sögðust opnir fyrir samningaumleitunum um helgina.

- jab

Viðmiðunarverklag vegna fyrirtækja sem standa höllum fæti:

Lundúnaleið farin þar sem við á

Nýi Glitnir hefur birt á vef sínum samræmdar viðmiðunarreglur vegna fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum. Reglurnar koma í framhaldi af vinnuramma sem bankinn kynnti um miðjan desember þar sem fjallað var um úrlausnir fyrir fyrirtæki í tímabundnum greiðsluerfiðleikum.

Í viðmiðunarreglunum kemur fram hvernig lagt er mat á sjóðsstreymi fyrirtækja og hvaða úrræði standi til boða. Þar sem umbótum verður komið á er alla jafna lögð til sonefnd „Lundúnaleið“, en það eru alþjóðleg viðmið um úrlausn flókinna lánamála á grundvelli frjálsra samninga kröfuhafa. Þannig geti kröfuhafar sameiginlega unnið að því að aðstoða lífvænleg fyrirtæki í fjárhagsöruggleikum.

Þá getur bankinn sem kröfuhafi gripið til sértækra ráðstafana, breytt skuldum í hluta-



HÖFÐUSTÖÐVAR GLITNIS Nýi Glitnir er með höfuðstöðvar sínar við Kirkjusand í Reykjavík, rétt eins og sá gamli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fé eða ígildi eiginfjár, en þó ekki nema að fyrir liggi rökstudd tillaga áhættunefndar.

Á vef Glitnis kemur fram að vinnuramminn sé hluti af því að koma til móts við til-mæli ríkisstjórnarinnar frá í desember-byrjun um aðgerðir til að bregðast við tímabundnum vanda fyrirtækja í kjölfar fjármálakreppunnar.

- óká

Starfshlutfall aukið aftur

Starfshlutfall sem lækkað var í 90 prósent um áramót hjá starfsfólki á verkstæðum Toyota í Kópavogi hefur verið fært aftur í 100 prósent.

Að því er fram kemur í tilkynningu Toyota var búist við töluvert minnkandi umsvifum, en vegna aukinnar verkstæðisvinnu hefur starfshlutfall þar verið fært til fyrra horfs. Lækkunin náði hins vegar til fyrirtækisins alls.

Aukin aðsókn á verkstæði skýrir félagið með því að endurnýjun á bílum sé hægari nú en á undanförnum misserum og eigendur vilji því fremur koma með bíla í reglbundnar skoðanir og gera strax við það sem bilar til þess að tryggja að þeir endist sem lengst.

- óká

Fjármálaráðgjöf fyrir þig



ÍSLENSKA SJÁLIS KAU 44539 01/09

Kynntu þér úrræðin



Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald

• Stöðumat

• Netdreifing/útgjaldadreifing
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum

• Sparnaðarleiðir

• Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.

Hugmyndir um hátekjuskatt:

Réttlátir skattar eða táknrænir

JÓN KALDAL SKRIFAR

L oforð nýs fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, um að ekki sé á verkefnalista nýrrar ríkisstjórnar að leggja á hátekjuskatt er hughreystandi. Öllu síðri er áhugi flokks hans á því sem Steingrímur kallar „réttlátara skattkerfi“, og gæti komið til framkvæmda á næsta fjárlagaári, ef hann fær að ráða.

Ekki fer á milli mála að hátekjuskattur er hluti af þeim hugmyndum. Erfiðara er hins vegar að sjá hvar réttlæti kemur þar við sögu. Vandamálið er að það sem stjórnámamennirnir hafa kallað hátekjur hafa risið illa undir þeirri nafngift eins og dæmin sanna.

Skattaárið 2004 lagðist til dæmis auka fjögurra prósent skattur á laun sem fóru yfir 4,2 milljónir á ársgrundvelli. Það þýddi að hver sá sem fór yfir 350 þúsund krónur á mánuði var orðinn hátekjumaður í augum skattsins. Lítið réttlæti í því.

Vandamálið við hátekjuskatt er að til þess að hann skili ríkinu tekjum, sem skipta máli, þarf að leggja hann á laun, sem aðrir en stjórnámamenn myndu kalla meðaltekjur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir orðaði þetta á skorinorðan hátt í viðtali við mbl.is síðastliðinn desember. Hátekjuskattur skilar litlu í ríkissjóð, hann er fyrst og fremst „táknrænn“ sagði hún og bætti við að vel gæti komið til greina að leggja á slíkan skatt.

Hnykkti ýmsum við þessi orð formanns Samfylkingarinnar. Þóttu þau ekki við hæfi leiðtoga stærsta jafnaðarmannaflokks landsins. En sannleikurinn getur oft verið óþægilegur.

Hátekjuskattur, sem stendur raunverulega undir nafni: skattur á háar tekjur en ekki miðlungs, er eins og Ingibjörg orðaði það, fyrst og fremst táknrænn.

Ef þeir stjórnámamenn, sem ætla að móta nýja Ísland, vilja senda út skilaboð um að munur á lægstu launum og þeim hæstu eigi ekki að vera meiri en til dæmis tífaldur, þá er hægt að nota skattkerfið til þess. Ríkið myndi þá taka hraustlegan skerf af launum sem færu yfir þau mörk. Slík aðgerð væri þó fyrst og fremst tilraun til að móta hvernig samfélag á að vera hér en myndi litlu skipta fyrir tekjur ríkisins.

Það er kostur við núverandi tekjuskattskerfi að það er til-
tölulega einfalt. Kerfið byggir á samspiли persónuafsláttar og tekjuskattshlutfalls en hugmyndin á bak við persónuafsláttinn er tvíþætt. Annars vegar á fólk ekki að borga tekjuskatt af lágmarksframfærslutekjum og hins vegar er hann tæki til tekjujöfnunar. Þannig borga hinir tekjulægstu engan skatt og tekjulágir hlutfallslega minna en tekjuháir.

Þegar bækur skattayfirvalda eru skoðaðar blasir við brýnna viðfangsefni fyrir stjórnámamenn, sem hafa áhuga á velferð, en að hækka skatta á þá sem hafa hæstar tekjur. Þetta er sú staðreynd að um þriðjungur atvinnubærra Íslendinga er með laun undir skattleysismörkum og borgar því alls engan tekjuskatt. Það er réttlætismál að bæta hag þeirra. Að auka skattlagningu á hina sem þegar standa undir tekjuskattskerfinu er það ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hatursmanni svarað

UMRÆÐAN

Hreinn Loftsson svarar Ólafi F. Magnússyni



HREINN LOFTSSON

Fyrirum svili minn, Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi, vandar mér ekki kveðjurnar í grein í Fréttablaði-
nu 2. febrúar sl. vegna fréttaskrifa DV um deilur Ólafs við Frjálslynda flokkinn.

Rétt er að taka fram að ritstjórn DV ráða efnistöfum blaðsins. Þeim hefur þótt ný deila Ólafs við Frjálslynda flokkinn frétt næm. Þeir bera alla ábyrgð á frásögninni. Sama gildir um úttekt blaðsins á nýjum borgarstjóra á sínum tíma og einnig opnuviðtal við

hann þegar hann lét af störfum. Ég kom þar hvergi nærri. Ríkisfjölmiðillinn hefur verið óvægjarni í umfjöllun sinni um Ólaf og veikindi hans.

Borgarfulltrúinn getur þess ekki í grein sinni að lögmannsstofa mín hefur aðstoðað fyrirverandi eiginkonu hans í erfiðum skilnaði. Þessi staðgreind skýrir skrif Ólafs og augljóst hatur hans í minn garð. Hann virðist ekki geta tekið á slíkum málum án þess að snúa þeim upp í persónulega óvild eða árásir. Honum virðist ókleift að mæta gagnrýni eða mótstöðu með öðrum hætti.

Höfundur er
hæstaréttarlögmaður.

Hugsað í veislum ...

Sjálfstæðismenn eru einarðir talsmenn þess að ríkið eigi að sýna ráðdeild og takmarka umsvif sín sem mest það getur. Það kemur því óneitanlega spáskt fyrir sjónir hversu framámönnum í flokknum er tamt að hugsa um rekstur þjóðarbúsins sem veisluhöld. Fræg eru ummælin sem Árni Mathiesen, fyrirverandi fjármálaráðherra, hafði eftir félaga sínum í umræðum þegar hagsstjórn ríkisstjórnarinnar bar á góma: „Drengir, sjáið þið ekki veisluna?“



... og brauðtertum

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi í leyfi, hugsar á svipuðum nótum í blogg færslu um hina nýju ríkisstjórn þegar hann skrifar: „Veislan sem þessi ríkisstjórn býður til verður því miður dapurleg. Majónesið var þegar orðið gult þegar gestirnir mættu.“ Gísli Marteinn gleymir því að hér á landi dettur engum í hug að það standi einhver veisluhöld fyrir dyrum; það þarf að taka til eftir fylliri sem fór úr böndunum.



Jóhann?

Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna er tekin við völdum og eins og iðulega er það vinsæll samkvæmisleikur að velja nýrri ríkisstjórn gælunafn. Nokkrar ríkisstjórnir hafa verið kenndar við forsætisráðherra sjálfan; tvær ríkisstjórnir Ólafs Thors voru kallaðar Ólafia; ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar hlaut viðurnefnið Stefania og ríkisstjórn Emils Jónssonar var kölluð Emilía. Reglan virðist sem sagt vera sú að kyn nafnsins sé ófugt við þann sem leiðir stjórnina. Samkvæmt þeirri reglu gæti hin nýja ríkisstjórnin einfaldlega heitið Jóhann. Ísland er jú land fyrir Jóhann.

bergsteinn@frettabladid.is

Virðing og traust

Eftir upphafnar ávirðingahamfarir síðustu vikna, kræklóttan afleggjara málefnalegra mót-mæla, kemur stundarfriður þegar kona sem nýtur bæði virðingar og traust verður forsætisráðherra landsins, fyrst íslenskra kvenna. Það er eins og landið andi léttar.

Jóhanna Sigurðardóttir er ekki óumdeild – en næstum því. Ekki vegna vinsælda, heldur virðingar og trausts. Ekki fyrir lipurð í pólitísku samstarfi, heldur vegna trúnaðar við kjósendur sína og þá sem minna mega sín. Á stjórn-málaferli sínum hefur hún verið sjálfri sér samkvæm og hvorki benduð við leikaraskap né undirmál.

Samstarfsmönnum hennar í fyrri ríkisstjórnunum þykir hún ósveigjanleg og kröfuhörð fyrir sitt ráðuneyti og ekki líkleg til niðurskurðar í fjárveitingum. Hún hefur ekki langan tíma til að afsanna það í þessari lotu, en næstu vikur verða spennandi. Nú er hún oddviti og öll ráðuneytin því hennar ráðuneyti.

Handsal úrelt

Áður fyrr taldist það til dyggða að ávinna sér traust annarra, bæði í almennum samskiptum og viðskiptum. Það var eftirsóttur gæðastimpill að vera treyst, bæði hjá háum og lágum, börnum og fullorðnum. Við slíkt fólk var nóg að handsala samning eða samkomulag. Það jafngilti undirskrift. Ekki er víst að allir myndu skilja hvað væri á ferðinni, til dæmis við kaup á húsnæði, ef samið væri um verð og kaupandinn rétti fram höndina og segði: Við handsölum þetta. Þá er það frágengið! Í dag lætur enginn sér til hugar koma að treysta öðru en margstimpluðum skjólum þegar



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR Í DAG | Samskipti

fjármál eru annars vegar.

En traust snýst auðvitað ekki bara um viðskipti, heldur öll samskipti. Það þarf að vera hægt að treysta fólki til að skila vandaðri vinnu, skólakrökkum til að læra heima, hjónum til að sýna hvoru öðru trúnað, og vinum til að halda trúnað. Allt eru þetta náttúrulega sjálfsagðir hlutir, en hafa ekki verið mikið uppi á borðinu síðustu árin.

Við heyrum til dæmis ítrekað um lélegan frágang á nýju íbúðarhúsnæði, sem áður var fátítt og hjón virðast ekki telja það trúnaðarbrot að lýsa heimilishögum og sambúð á netinu og senda maka sínum sms-skilaboð um að þeir vilji skilnað. Ekki sérlega þægileg sending fyrir þann sem stendur við kassann í kjörbúðinni þegar hann heyrir píp og les skilaboðin um leið og hann borgar.

Framboðslistar í vor

Margt bendir til að traust milli manna nái fyrri vigt á næstu misserum. Nýtt gildismat er í fæðingu. Nýtt, en um leið gamalt og kunnugt. Væntanlega munu kosningarnar í vor endurspeglar þetta. Kostnaðarsöm prófkjör myndu ekki vekja traust á framboðendum. Einnig má ætla að horft verði til þess að framboðslistar verði ekki of einsleitir. Ekki

Alþjóðapólitískur rétttrúnaður

UMRÆÐAN

Árni Finnsson skrifar um hvalveiðar

Þorsteinn Pálsson skrifar í leiðara Fréttablaðsins þann 30. janúar, að „Rök þeirra gegn hvalveiðum byggjast hins vegar á því að Ísland verði að fylgja alþjóðapólitískum rétttrúnaði án tillits til fullveldisréttinda, vísindalegrar ráðgjafar um sjálfbæra nýtingu og heimilda að þjóðarétti. Öll er sú rökfærsla þverstæðukennd.“

Hér verður Þorsteini fótaskortur. Það var einmitt þessi „alþjóðapólitísk[i] rétttrúnaður“ sem Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson blésu á þegar Smuguveiðarnar voru til umfjöllunar árið 1993. Þorsteinn Pálsson, þá sjávarútvegsráðherra, var hins vegar andvígur Smuguveiðum enda fylgjandi „alþjóðapólitískum rétttrúnaði“ með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, að ógleymdum þeim málstað sem Íslendingar þá fylgdu í samningum um Úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna. Því miður varð Þorsteinn að láta í minni pokann fyrir Davíð og Jóni Baldvin.

Vert er að minna á að Hafréttarsáttmálinn veitir Íslandi 200 mílna fiskveiðilögsögu en ekki lögsögu yfir hvöldum. Samkvæmt 65. grein sáttmálans eru



ÁRNI FINNSSON

sjávarspendýr undanskilin rétti strandríkja til nýtingar og er sérstaklega kveðið á um að ríki skuli eiga samvinnu um verndun og nýtingu sjávarspendýra, einkum hvala.

Þorsteinn Pálsson var sjávarútvegsráðherra lungann úr 10. áratug síðustu aldar. Á þeim tíma flegði hann og íslensk stjórnvöld hundruðum milljóna króna í tilraunir til að koma á nýju hvalveiðiráði (NAMMCO), stofnun sem Þorsteinn vissi mæta vel

að myndi aldrei öðlast viðurkenningu alþjóðasamfélagsins. Sennilega er það þess vegna sem ritstjórnin rökfasti reynir enn að verja hvalveiðar.

Annað er að Evrópusinninn Þorsteinn Pálsson fagnar mjög pungsparki fráfarandi sjávarútvegsráðherra í Evrópusinnna, hvort heldur er innan nýrrar ríkisstjórnar eða á landsfundi Sjálfstæðisflokksins eftir tvo mánuði. Komi svo á daginn – sem verður að teljast líklegt – að ekki reynist unnt að selja hvalkjötíð í Japan fyrir en seint og síðar meir – og þá við lágu verði – er hætt við að barátta Þorsteins fyrir hagnýtingu hvala með sprengiskutli verði Íslendingum bara til vandræða í samningum um aðild að ESB.

Höfundur er formaður
Náttúruverndarsamtaka Íslands.



TANNVERNDARVIKA stendur nú yfir en fyrsta vikan í febrúar er árlega helguð tannvernd. Kjörorð vikunnar að þessu sinni er Taktu upp þráðinn en sérstök áhersla er lögð á að nota tannþráð á hverjum degi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

ÞALLT

Hófst þú nám í matreiðslu en laukst því ekki?

Hefur þú starfað í greininni í fimm ár eða lengur?

Vilt þú ljúka námi í matreiðslu?

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590-6400, frekari upplýsingar er jafnframt hægt að nálgast á www.idan.is.

Rafrænar fyrirspurnir er hægt að senda á radgjof@idan.is

Samskonar verkefni er verið að vinna í málaraíðn, húsasmíði, vélvirkjun, stálsmíði og blikksmíði.

IDUNA fræðslusetur

„...fyrst á visir.is“

visir.is

...ég sá það á visir.is



„Hómópatía er meðferð sem byggir á lögmálinu Líkt lækna líkt. Hómópatar taka ítarleg viðtöl við fólk, hlýða á það lýsa einkennum sínum og finna svo viðeigandi remediur, sem geta verið við öllu mögulegu,“ segir Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir hómópati.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Trúi því að líkt lækni líkt

Lélegt ónæmiskerfi var tekið að há Jónu Ágústu Ragnheiðardóttur í daglegu lífi. Heilsuleysið varð loks til þess að hún leitaði í óhefðbundin meðferðarræði hómópatíu þar sem hún hlaut lausn vandans.

„Ég passa alltaf upp á svefninn og mataræðið; gæti þess að borða jafnt yfir daginn til að halda blóðsykrinum í lagi og neyti aldrei unninnar matvöru og nánast engrar mjólkurvöru. Svo blanda ég ákveðnum fæðutegundum ekki saman. Borða til dæmis kartöflur með grænmeti en ekki kjöti og öfugt. Ég hef bara smám saman komist að hvað fer vel í mig og hvað ekki,“ segir Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir hómópati, beðin um lýsa hvernig hún hugar að andlegri og líkamlegri heilsu.

Jóna Ágústa segist auk þess ekki hafa notað örbylgjuofn síðastliðin þrettán ár eftir að hafa komist yfir upplýsingar um skaðsemi þeirra. „Ekki að ég aðhyllist einhverjar öfgar, heldur er ég almennt þeirrar skoðunar að öflugt rafsegulsvið geti smám saman brotið niður ónæmiskerfi líkamans,“ útskýrir hún og segist sjálf hafa verið illa haldin af rafsegul-

óþoli fyrir nokkrum árum. „Það hófst með flutningi á nýjan vinnustað sem reyndist með mjög sterkt rafsegulsvið. Ég steypist í kjölfarið út í einhverjum dularfullum blettum og leitaði til læknis. Eina sem hann gerði var að skrifa upp á lyf án þess að grennslast almennilega fyrir um orsakirnar, sem varð aftur til þess að ég ákvað að taka málin í mínar hendur. Þá kynntist ég hómópatíu.“

Langalangaafi Jónu Ágústu hafði starfað sem hómópati en sjálf vissi hún lítið sem ekkert um hvað hún snerist. Eftir því sem hún kynnti sér málið betur varð áhuginn meiri og hún skráði sig í nám við The College of Homeopathy í London árið 1997. „Hómópatar gefa sérstakar remediur sem eru unnar úr lifríkinu og þær urðu til þess hjá mér að blettirnir hurfu smám saman og ónæmiskerfið styrktist,“ rifjar Jóna Ágústa upp, sem

útskrifaðist úr náminu árið 2000 og hefur starfað sem hómópati síðan. Hún átti þátt í að stofna heilsu- miðstöðina Heilsuhvol árið 2001 og Heilsuhöndina 2007 og hefur á þeim tíma aðstoðað fjölda fólks við að leita úrlausna vandamála sinna með viðtalstímum og hnitmiðuðum meðferðum. Nýjasta útspilið er vefsíðan www.heilsuhondin.is þar sem áhersla er á hómópatíu og önnur heilsutengd málefni.

„Ég býð upp á bráðabjónustu og heildræna meðferð gegnum netið. Bráðabjónustan gengur fljótar fyrir sig eins og nafnið bendir til. Heildræna meðferðin tekur lengri tíma og verða remediur ásamt leiðbeiningum komnar innan viku. Tilgangurinn með netþjónustunni er að margir eiga þess ekki kost að koma í ítarlegt viðtal, þetta er því ágæt leið til að hefja ferlið og mæta svo síðar í viðtalið,“ segir Jóna Ágústa.

roald@frettabladid.is

LYFJA
– Lífið heil

20% verðlækkun⁺

NERVIDIX

Segðu BLESS við taugaóróa og stress. Upplifðu innri frið og skýrari fókus – 100% náttúruleg formúla.

~~1.867 kr.~~ **1.494 kr.**

20% verðlækkun⁺

DEPRIDIX

Segðu BLESS við depurð og tómleikatilfinningu. Finndu lífsorkuna á ný – 100% náttúruleg formúla.

~~1.867 kr.~~ **1.494 kr.**

20% verðlækkun⁺

ENERGIX

Segðu BLESS við orkuleysi. Örvðu orkuflæðið og einbeitinguna – 100% náttúruleg formúla.

~~1.867 kr.~~ **1.494 kr.**

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir til 15. 2. 09



SVEFNHEBERGIÐ ætti að vera kyrrlátur íverustaður þar sem aðalmarkmiðið er að sofa og hvílast vel. Sjónvarpið á ekkert erindi í svefnherbergjið þar sem það er ekki ávísun á góðan nætursvefn.

Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja.

Tækið sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki

be
BY RESOUND™



be by ReSound
eru vart greinanleg
í eyrunum

Heyrnarþjónustan
HEYRN

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyirn.is

Tímarpantanir 534 9600



Fimmti bekkur ÓHG úr Hofstaðaskóla fékk ávaxtakörfu frá Ávaxtabílnum í verðlaun í hvatningaleik Lífshlaupsins í fyrra.

Lífshlaup hefst á ný

Lífshlaupið er verkefni sem höfðar til allra landsmanna. Þar er fólk hvatt til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er.

Lífshlaupið verður formlega ræst í annað sinn miðvikudaginn 4. febrúar í íþróttahúsinu að Varmá Mosfellsbæ klukkan 12. Þennan sama dag eru vinnustaðir hvattir til að hefja Lífshlaupið hjá sér með því að vera með skipulagða göngu/hreyfingu í hádeginu.

Lífshlaupið er hvatningar- og átaksverkefni Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og var mjög vinsælt þegar það var haldið í fyrsta sinn í fyrra. Þá voru þátttakendur

7.700. Þrjú mismunandi hlaup eru í boði. Í fyrsta lagi vinnustaðakeppni sem stendur frá 4. til 24. febrúar, fyrir 16 ára og eldri. Í öðru lagi hvatningarleikur fyrir grunnskóla frá 4. til 24. febrúar, fyrir 15 ára og yngri og í þriðja lagi einstaklingskeppni þar sem hver og einn getur skráð niður sína hreyfingu allt árið.

Hægt er að skrá þátttöku á vefsíðu Lífshlaupsins www.lifshlaupid.is. Einnig má skrá alla hreyfingu inn á vefinn svo framarlega sem hún nær ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um hreyfingu þar sem börnum og unglingum er ráðlagt að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag og fullorðnum í minnst 30 mínútur á dag.

- sg

Castello

40% AFSLÁTTUR AF SÓTTUM PIZZUM

OPNUNARTÍMI
 SUNNUD. - FIMMTUD. 11-01
 FÖSTUD. OG LAUGARD. 11-03
 TILBOÐIN GILDA FRÁ 25/01 TIL 05/02 2009

SKOÐAÐU MATSEÐILINN OKKAR · WWW.CASTELLO.IS · SÍMI: 577 3333

BÍLAR & FARATÆKI



HÖFÐABÍLLAR

... þú sem bílar selst



TOYOTA LAND CRUISER 80 VX. Árgærd 1993, ekinn 196 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. TILBOÐS Verð 990. þús Ásett 1.590 þús sami eigandi í síðustu 10 ár.. Rnr.150338



Milljón í afslátt!
M.BENZ M ML270CDI. Árgærd 2003, ekinn 195 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Ásett 3,9 MILLJÓN Í AFSLÁTT Verð 2.9 millj. LÁN c.a. 2,6 millj. Rnr.101956



Milljón niður!
AUDI RS6 TWIN TURBO. TWIN TURBO BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 5,9 millj. TILBOÐSVERÐ 4,9 millj. Skipti athug-andi. Rnr.101839



Milljón í afslátt!
DODGE RAM 3500 QUAD ST./SLT. 44" dekk , ekinn 40 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. SVAKALEGA FLÖTTUR BÍLL Verð 9.9. millj 1 milljón í afslátt 8,9 millj Rnr.125290

Höfðabíllar
Fosshás 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



FORD EXPLORER 4,0L V6 LIMITED
7 Manna ! . 2004 Árgærd . Ekinn 96þ. km. Sjálfskiptur - Leður , sólluga ofl . Fallegur jeppi ! Verð aðeins 2.190þ.



2008 Jeep Grand Cherokee SRT8 6.1 L
Ekinn aðeins 8þ.km Fjarlægðarskynjarar. Fjarlægningar. Bakkmyndavél. Sólluga. Hiti í sætum. Leður. Minni í sætum. Stöðugleikakerfi - 20" álf . „My-GIG Multimedia System“ með 20GB hörð-um disk fyrir músík og myndir. Dvd kerfi. Ofi . 4ra ára ábyrgð. 5 sec í 100km/klst. Magnað tryllitæki á frá-bæru verði ! Verð aðeins kr. 6.290þ

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



TOYOTA AYGO árg 5/2006, ek 26 þ. km, 1.0L, 5 Gira, Rafmagn í rúðum, Geislasípari, Mjög eyðslugrannur, Verð 1.350 þ. Áhv 1.044 þ. afb aðeins 24 þ. á mån. Arnarbíllar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbíllar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



PORSCHE CAYENNE TURBO S 520 HÖ, árg 2006, ek.17þús.km, Einn með öllu og hlaðinn aukabúnaði!! Flottasti Turbo S á landinu!! Ásett verð 14900 þús.kr, Tilboð staðgreitt!!!

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Fjarstýrðir bensínbílar í úrvali. Tómsundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is



Mjög góður Ford Focus Caravan 1.6, rauður, 5 gira. Árg. '00. Ek. 130 þ.km. V. 350 þús. S. 616 2597.

Bílabúð Benni

Allt að 100% lán 9,7 % fastir vextir, aðeins brot af tilboðsbílum.



SUBARU LEGACY WAGON 9/2000, ek. 126 þús. 3 dyra, 5 gira, abs, dráttarbeni- li, cd. Tilboð 890 þús. Meðalgreiðsla á mån. 23.791.-



CHEVROLET LACETTI CDX WAGON 11/2005, ek. 94 þús. 5 dyra, 5 gira, abs, dráttarbrúkur, líkur, og fl. Tilboð 990 þús. meðalgreiðsla á mån. 21.974.-



HYUNDAI SANTA FE 2400, 7/2005, ek. 133 þús. 5 dyra, 5 gira, abs, all dráttarbeni, cd og fl. Tilboð 790 þús. Meðalgreiðsla á mån. 21.252.- þús.

Tökum bíla í umboðssölu, vantar bíla á skrá og á staðinn.

Sími 587-1000
Bíðshöfði 10 - www.benni.is



BMW 320i árg. '08. Ssk., með M pakka, ek. 6500 km. V. 4.690þ. Áhv. 3.880þ. Skipti möguleg. Uppl. í . 615 4200.

Til sölu Nissan Sunny '93 ek. 135 þús. sjsk., samlæsingar og í topp standi. Og Subaru Impreza '98 ek. 105 þús. sjsk, samlæsingar. Uppl. í s. 694 7621 & 554 5324.


Toyota Hiace 4x4 12/'05. Ek. 46þ. vetr-ard. Lítur vel út. Uppl. í s. 770 5451.

0-250 þús.

Hyundai Accent árg. '98 ek. 92þ. Verð 110þ. Og Hundau H1 árg. '01 fæst f. lítid. S. 690 2331.

Ford Ecoline 250 4x4 '78 góð innrétt-ing.Hátt og lágt drif læsing að framan og aftan.ekinn 100þ.á vél. 8cyl.verð150þ eða tilb. uppl í s8965430

Bílar óskast



Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - fritt!

NETBÍLLAR
www.netbilar.is

Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ókutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hliðasmára 2 - Sími 588-5300

!!! BÍLL ÓSKAST !!!
Vantar bíl fyrir allt að 100þ staðgreitt má þarfnast smá lagf en ekki vera eldri en 98" uppls 894-6383

VANTAR ÓDÝRAN
Vantar ódýran bíl yngri en árg. '95 fyrir allt að 120 þ. má þarfnast smá lagf. S. 897 8779

Óska eftir að kaupa bíl á bílinu 20-40 þús. S. 772 2049.

Óska eftir bíl á 300 þús. staðgreitt. Upplýsingar sendist á odyrbill@hotmail.com

Bíll óskast fyrir 310 þús í skiftum fyrir öfluga fartölvu verð 160 þús og 150 þús í pen.Má þarfnast lagf. uppl í síma 8204640.

Óska eftir bíl ekki eldri en '96 má vera bílaður eða klesstur. S. 692 2609.

Óska e.að kaupa gamla Toyota/Hyundai sendib.og Peugeot 504/505. Nán.uppl. í s. 661 2222.

Óskum eftir eftirfarandi bifreiðum til kaups:
Allt staðgreitt .Toyota Hi lux, Toyota hiace ,McC L-200 Toyota landcricer nissan pikkup nissan sunny Honda crv Árgærdir Frá 1986-1997 Verð frá 15-400 þús Bílabankinn 588-0700 Avar@ bilabankinn.is Bílarnir þurfa ekki að vera í topp standi, mega vera ryðgaðir og bílaðir.

Bátar



Til sölu
Eydis VE 17 SKR.N.2241 Sjóstanga og Farþegaskip Uppl.Ásgeir Þorvaldsson skipt. S.863-2640 og Helgi Bragason hdl. S. 488-1600

Óska eftir notaðri hælðrífðatavél Volvo Penta eða eitthvað annað. 2-300 hó. Uppl. í s. 661 9005 & 661 9007.

Óska eftir 11 - 12 feta plastbát, 5-6 manna, með 6-8 hestaflamótör, kerra þarf að fylgja. Uppl. í s. 858 7574

Vinnuvélar

Varahlutir

í vinnuvélar og tæki á góðu verði



HRAUNTAK
HRAUNTAK - SKÚTAHRAUNI 11 - S. 580 1500 - WWW.HRAUNTAK.IS

Bílaþjónusta



100.000 vörunúmer. 1 símanúmer.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!

N1 440 1000 N1.15

Hjólbarðar

Jeppadekk



20%

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS FERKSTADI
Gylfalið 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

GENERAL TIME IS

Varahlutir

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02
Vélar, girkassar, sjálfskipting, boddylutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Óska eftir að kaupa gamla Toyota/Hyundai sendib.og Peugeot 504/505. Nán.uppl. í s. 661 2222.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Viðgerðir

Ódýrari bílaviðgerðir

Allar almennar bílaviðgerðir. Gerðu verðsamanburð og fæðu fast verðtilboð. Hröð og góð þjónusta.

Verklaginn ehf.
Vagnhöfða 8
S. 517 2010 & 662 6009

ÞJÓNUSTA



Atlo

Hreingerningar • Flutningsþjóf
Gölfþönnun • Tegghreimsun
• Húsgagnahreinsun •

Sími: 662 0 662

Garðyrkja

Trjáfellingar
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur. S. 848 1723.

Trjáklippingar Fagleg og vönduð vinnubrögð. Gerum föst verðtilboð. Sími 8691600 Jóhann Sigurðsson Garðyrkjufraeðingur

Bókhald



skýrslur & skil

Bjóðum upp á alhliða bókhaldsþjón-ustu og rekstrarráðgjöf (bókhald, reikn-ingagerð, laun, vsk, stofnun félaga, ársreikninga og skattframtöl) Sími 534 0040.

Bókhald og Fjármál
Bókhald,skattskýrslur,fjármálaráðgjöf S 8425500 www.simnet.is/bfm

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609
www.account.is

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikn-ingar ofl. S. 696 3969 og á www. ulfurinn.is

Fjármál



Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@ atoz.is s: 771 45 45.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar Stór bíll. S. 692 7078
Millibíll S. 659 1047.

Búslóða flutn., vörufl., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !!

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4405.

Húsaviðhald

Byggingarfélag
Getur bætt við sig verkefnum bæði í nýbyggingum og viðhaldi. Úti sem inni, tilboð eða tímavinna. S.: 893 9722.

Þjónusta

Stendur þú í Framkvæmdum?

Múrverk • Flísalögn • Trésmíði • Pipulögn • Rafilögn • Málun o.fl.

Afhliða byggingaþjónusta á einum stað. Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi.

Strúctor

byggingaþjónusta

S: 824 0150 / 824 0160

Málarameistari getur bætt við sig verk-efnum. Úti og inni. Uppl. í s. 869 3934.

Múrverktakar
Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Pípulagnir
Páll hefur í gegnum árin verið duglegur við veiðar erlendis og hefur hann meðal annars skotið ljón og sebrahesta sem hann hefur síðan stoppað upp fyrir safnið. Vegna lágs gengis krónunnar er nú liðið heilt ár síðan hann fór síðast út, en þá flaug hann til Bandaríkjanna og veiddi tvo buffalóa með félaganum. „Þeir eru í uppstoppun í Ameríku og verða settir upp á vegg í Veiðisafninu líklega í apríl,“ segir Páll og nefnir að stærra dýrið hafi vegið 1100 kíló. „Ég er með sauðnaut frá Grænlandi en mér vitandi eru engir uppstoppaðir amerískir buffalóar hér á landi.“

Byssusýningin verður haldin á laugardag og sunnudag frá 11 til 18 og er allt áhugafólk um skotvopn og veiðar hvatt til að mæta.

- fb

PÁLL REYNISSON Yfir þrjú hundruð manns sóttu byssusýninguna í fyrra og á Páll von á enn betri aðsókn í ár.



frá 69.950 kr.*

Fjöldi glæsilegra gistivalkosta í boði!
– nánar á www.heimsferdir.is

frá 79.950

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Minerva Jupiter Apartments, 21. og 28. maí, 18. og 25. júní, 27. ágúst, 3., 10. og 17. september.

– með hálftu fæði
frá 89.950

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Los Palomas í viku með hálftu fæði, 21. og 28. maí.

– með allt innifalið
frá 97.670

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Roc Flamingo í viku með allt innifalið, 21. og 28. maí.

Glæsileg páskaferð
- 10 nætur frá
kr. 89.950

Mjög takmarkaður sætafjöldi í boði um páskana!

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 10 nætur á Minerva Jupiter Apartments, 4. apríl.

Frábær vorferð
- 18 nætur frá
kr. 92.690

Frábærir gististaðir í boði á einstökum kjörum!

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 18 nætur á Aguamarina, 3. maí. Netverð á mann í tvíþýli með morgunverð á Hotel Los Arcos kr. 107.000. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 12.800.

* Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í viku. Súðarmatlaðir á viðkomandi áfangastaðar.

Bit með lýrvaða um þrennillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á ák. Ath. að verð getur breyst án lýrvaða.



Veldu traustan
ferðafélaga í sumar!



**ÞÆGINDI FYRIR ÞIG
Á EINSTÖKU TILBOÐI
TIL OG MEÐ 6. FEB.**

Láttu fara vel um þig á nýja farrýminu, Economy Comfort, þegar þú flýgur til þinnar borgar. Tilboðið gildir til allra áfangastaða Icelandair svo að nú er um margt að velja.

Sölutímabil: 31. janúar til og með 6. febrúar 2009.
Ferðatímabil: 1. febrúar til 31. maí 2009.

35-46% AFSLÁTTUR
Economy Comfort
TIL EVRÓPU OG BANDARÍKJANNA

Evrópa
Verð frá 29.900 kr.*

Bandaríkin
Verð frá 34.900 kr.*

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is



* Innifalið: Flug og flugvallarskattar, aðra leið. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags ef keypt er far báðar leiðir. Hámarksdvöl er 1 mánuður ef keypt er far báðar leiðir. Breytingagjald er 10.000 kr., engin endurgreiðsla, enginn barnaafsláttur. – Ath. Það þarf ferðaheimild, ESTA, til Bandaríkjanna.

> **Þorbjörg inn á topp hundrað**

Þorbjörg Ágústsdóttir stóð sig vel á heimsbikarmóti í skyldingum í London um helgina. Þetta var fyrsta heimsbikarmót keppnistímabilsins og gríðarlega sterkt mót með 93 keppendum frá ellefu löndum. Þorbjörg náði góðum árangri í riðlakeppninni og vann fjórar af sex viðureignum sínum og komst því beint í 64 manna úrslit. Þar mætti hún franskrí landsliðskonu Clôru Jaquet, en Þorbjörg beið lægri hlut fyrir Jaquet 15-8 og endaði því í 47. sæti. Fyrir árangurinn fékk Þorbjörg tvö stig á heimslista Alþjóðaskyldingasambandsins og hækkaði sig um tíu sæti. Með því komst hún inn á topp hundrað og er í 97. sæti listans.

sport
sport@frettabladid.is

**ÍVAR INGIMARSSON, MIÐVÖRÐURINN STERKI HJÁ READING: NÝKOMINN ÚR LIÐPÓFAAÐGERÐ Á HNÉ****Ég spila örugglega ekkert meira á tímabilinu**

Ívar Ingimarsson, miðvörðurinn sterki hjá enska 1. deildarliðinu Reading, fór í aðgerð á hné í síðustu viku og verður ekkert meira með á tímabilinu. Í frétt á heimasíðu félagsins í gær þá vonaðist stjóri Reading, Steve Coppell, til að endurheimta Ívar eftir tvo mánuði, en svo verður ekki.

„Ég fór í aðgerðina á fimmtudaginn og hún gekk bara ágætlega. Ég verð á hækjum í sex til átta vikur og byrja síðan í endurhæfingu,“ sagði Ívar sem hefur spilað lengi með verki í hnénu. „Ég var búinn að spila á þessu allt tímabilið en það var ekkert vítað hvað þetta var.“

Ég fór fyrst til læknis í nóvember og þá var ég búinn að vera með verki meira eða minna allt það ár. Frá nóvembermyndatöku fram í myndatökuna sem ég fór í janúar þá hafði þetta versnað það mikið að það var ekkert annað hægt að gera en að fara í aðgerð,“ segir Ívar.

„Þetta voru liðpófameiðsl, það þurfti að gera við þau og það tekur síðan einhvern tíma

að jafna sig. Það var gerð speglun á hnénu og þá sást nákvæmlega hvað þetta var. Það þurfti að gera við ákveðna hluti sem þýðir hvíld í nokkra mánuði. Þar sem það er svo lítið eftir af tímabilinu þá þýðir þetta bara að ég spila örugglega ekkert meira á tímabilinu,“ segir Ívar.

Ívar hefur spilað 474 deildarleiki á ferlinum og alls 213 leiki á fimm og hálfu tímabili með Reading. Hann er því ekki vanur því að sitja upp í stúku. „Það verður frekar furðulegt að horfa á leiki liðsins en maður verður bara að eiga við það. Það verður samt örugglega frekar spes til að byrja með,“ segir Ívar og bætir við. „Ég hef verið frekar lánsamur á mínum ferli og hef aldrei áður misst úr í svona langan tíma.“

Ívar er bjartsýnn á að spila í ensku úrvalsdeildinni á ný á næsta tímabili. „Þetta litur vel út með að komast upp aftur. Við erum í 2. sæti eins og er, fjórum stigum á eftir Úlfunum. Svo er þarna Birmingham rétt á eftir okkur. Það eru enn þá 16 eða 17 leikir eftir en það þarf bara að halda vel á spilunum. Við erum með mjög finan hóp og vonandi gengur þetta upp,“ segir Ívar.



MEÐ Á LA MANGA Eiður Smári Guðjohnsen hjá Barcelona. NORDICPHOTOS/GETTY

Landsleikur við Liechtenstein:

Eiður Smári verður með

FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson landsliðspjálfi valdi Eið Smára Guðjohnsen í landsliðshóp sinn fyrir vináttulandsleik á La Manga 11. febrúar næstkomandi.

Ólafur velur sitt sterkasta lið í þennan leik en íslensku strákarnir ætla sér örugglega að hefna fyrir 3-0 tap í undankeppni EM fyrir rúmu ári.

- óó

18 MANNA HÓPUR:**Markverðir:**

Árni Gautur Arason Odd Grenland
Gunnleifur Gunnleifsson HK

Varnarmenn:

Hermann Hreiðarsson Portsmouth
Indriði Sigurðsson Lyn
Kristján Örn Sigurðsson Brann
Grétar Rafn Steinsson Bolton
Ragnar Sigurðsson IFK Gautaborg
Bjarni Ólafur Eiríksson Valur

Miðjumenn:

Brynjar Björn Gunnarsson Reading
Emil Hallfreðsson Reggina
Aron Einar Gunnarsson Coventry
Helgi Valur Danielsson Elfsborg
Pálmi Rafn Pálmason Stabæk
Theodór Elmar Bjarnason Lyn
Birkir Már Sævarsson Brann

Sóknarmenn:

Eiður Smári Guðjohnsen Barcelona
Heiðar Helguson Bolton
Arnór Smáráson Heerenveen

Orðin fyrirliði TCU strax á öðru ári

Það stefnir í sögulegt tímabil hjá körfuboltakonunni Helenu Sverrisdóttur sem getur orðið fyrsti leikmaður TCU frá upphafi til að vera með yfir 15 stig, 6 fráköst og 5 stoðsendingar að meðaltali í leik.

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir er þegar farin að skapa sér nafn í bandaríska háskólaboltanum og stefnir á sigur í Mountain West-deildinni ásamt félögum sínum í Texas Christian háskólaliðinu. Helena tók við leikstjórnandahlutverkinu og fyrirliðastöðunni fyrir tímabilið og hefur hjálpað TCU að vinna 13 af 20 leikjum sínum.

„Þetta er búið að vera svolítið upp og niður hjá okkur í ár. Við byrjuðum mjög vel og komum mörgum á óvart,“ segir Helena sem segir að liðið hafi síðan tapað nokkrum leikjum sem það átti ekki að tapa.

Langar í hring

„Eftir góðan liðssigur á San Diego held ég og vona ég að við séum komnar á réttan stað, og leiðin liggur bara upp á við. Deildin er enn þá galopin, og að vinna úrslitakeppnina er það sem skiptir mestu máli því það er sjálfvirktt boð í NCAA-keppnina. Ef okkur tekst ekki að vinna, fer það eftir hvað nefndinni finnst um okkar framlag í ár hvort við komumst inn eða ekki, sem er svona stærsta markmiðið, en okkur langar í hring þannig að einmitt núna er öll einbeitingin á Mountain West-deildinni,“ segir Helena.

Góður árangur liðsins hefur kallað á mikla athygli og meðal annars stóra grein á ESPN, langvinsælasta íþróttamiðlinum í Bandaríkjunum.

„Það hefur líka verið mikil vakning hérna í Fort Worth, og fleiri eru að fylgjast með okkur. Við förum varla út í búð lengur, án þess að vera stoppaðar af einhverj-

um sem hrósar okkur, eða spyr okkur eitthvað nánar út í okkur eða liðið,“ segir Helena.

TCU endaði árið 2008 með þrjú töpum en hefur síðan komist á flug á nýjan leik.

Eru „upp og niður“ lið

„Við erum rosalegt „upp og niður“ lið. Við getum verið alveg rosalega góðar, en líka sjálfum okkur verstar og spilað mjög illa,“ segir Helena sem getur orðið fyrsti leikmaður TCU frá upphafi til að vera með yfir 15 stig, 6 fráköst og 5 stoðsendingar að meðaltali en hún er efst liðsmanna í öllum þessum lykiltölfræðipáttum.

Helena sér ekki eftir því að hafa valið TCU en það voru fjölmargir skólar á eftir henni.

„Mig langaði að fara í sterkt prógram með mikla sigurför. Ég bjóst kannski ekki við að verða fyrirliði strax á öðru árinu, en eftir að TCU útskrifaði fimm leik-

SKEMMTILEGUR

VETUR Helena Sverrisdóttir hefur haft yfir mörgu að gleðjast í vetur. AP

menn í fyrra, varð stórt skarð eftir þá,“ segir Helena sem var búin að vera fyrirliði Íslandsmeistaraliðs Hauka tvisvar sinnum áður en hún varð tvítug.

„Ég hef oftast verið leiðtogi í mínum liðum. Stelpurnar í liðinu hérna settu mig meira í þessa stöðu og leituðu til mín sem leiðtoga liðsins og ég tók á mig meiri ábyrgð,“ segir Helena sem er líka ánægð með þjálfarann sinn.

„Ég gat ekki verið heppnari með þjálfara.

Hann er frábær kennari og ég læri af honum á hverjum degi,“

segir Helena. Hún hefur leitt liðið til sigurs í mörgum jöfnum leikjum að undanförunu en það er oft erfitt að stjórna liðinu.

„Það eru oft mjög mikil læti á leikjum, og því erfitt að vinna í að halda öllum fimm á sömu blaðsíðu. Við spiluum til dæmis fyrir framan 10.000 manns í New Mexico, og hávaðinn þarna inni var rosalegur. Ég reyndi að kalla kerfi upp völlinn, en það var ekki möguleiki að liðið myndi heyra í mér,“ segir Helena sem vill ekki taka heiðurinn af sigrunum í þessum spennuleikjum.

„Við erum með góðan þjálfarahóp sem tekur góðar ákvarðanir. Við erum líka bara orðnar svo gjörsamlega þreyttar á að tapa að ég held að það gefi okkur aukaorku í restina,“ segir Helena.

Hefur hitt úr 23 vítum í röð

Helena hefur hitt úr 23 vítum í röð þar af mörgum þeirra á úrslitastundu. „Ég hef aðeins verið að breyta vítaskotinu mínu undanfarið. Bara taka mér aðeins meiri tíma, og reyna að ná andanum niður þegar ég er að taka víti. Ég ætla nú ekki að setja neina extra pressu á mig og hugsa um að ná eitthvað ákveðið mörgum í einu. Ég tek bara eitt skot í einu,“ segir Helena.

Verkefni vikunnar er ekki af minni gerðinni því á miðvikudagskvöldið heim-sækja þær topplið Utah Utes til Salt Lake City en Utah-liðið er ósigrad til þessa í Mountain West-deildinni.

ooj@frettabladid.is



Dramatískur og spennuþrunginn lokakafli í úrslitaleik ameríska fótboldans:

Stórglæsileg sigursókn Steelers

NFL Pittsburgh Steelers varð fyrsta félagið til að vinna sex titla í ameríska fótboldanum þegar liðið vann 27-23 sigur í frábærum úrslitaleik í Tampa aðfaranótt mánudagsins.

Það verður talað um lokakafli leiksins um ókomna tíð, fyrst tókst Arizona Cardinals að vinna upp 13 stiga forskot Steelers á fimm mínútum og komast í 23-20 en leikmenn Pittsburgh Steelers drifu sig strax í sókn og tryggðu sér sigurinn 35 sekúndum fyrir leikslok.

Pittsburgh-liðið hefur verið rómað fyrir varnarleikinn en það var sóknin og samvinna leikstjórnandans Bens Roethlisberger og hlauparans Antonio Holmes sem færði Steelers stórglæsilegt sigursnertimark eftir að hafa farið upp 78 metra á aðeins 2 mínútum og 2 sekúndum.

„Menn eiga ekki eftir að gleyma þessari sókn í langan tíma,“ sagði Roethlisberger sem varð um leið aðeins annar leikstjórnandinn á eftir Tom Brady til að vinna tvo titla áður en hann varð 27 ára. Hann er þekktur fyrir að koma krafti í liðið sitt en þetta var í



MAÐUR LEIKSINS Antonio Holmes var frábær í sigursókninni. NORDICPHOTOS/AFP

sjötta sinn í 19 leikjum í ár þar sem hann stýrir liði sínu til sigurs á lokamínútunum.

Holmes var valinn besti maður leiksins en hann sýndi einstaka fótafimi þegar hann greip úrslitasendingu leiksins. Holmes greip alls níu sendingar í leiknum og komst með því 131 metra.

Þjálfarinn Mike Tomlin á einnig mikið hrós skilið fyrir að búa til meistaralið á aðeins tveimur árum í starfi en hann varð um leið yngsti þjálfari sögunnar til að vinna titilinn.

Þeir voru ekki margir sem bjuggust við að Arizona Cardinals næði sér á strik þegar liðið var þrettán mörkum undir, 20-7, en það tók leikstjórnandann Kurt Warner og hlauparann frábæra, Larry Fitzgerald, ekki nema tæpar fimm mínútur að búa til tvö snertimörk. Fitzgerald setti þar með met yfir flest skoruðu snertimörk eftir sendingar í úrslitakeppni NFL.

Warner gat síðan aðeins horft á draumaendinn sinn breytast í matröð.

„Ég tek ofan fyrir Steelers. Við töpuðum ekki þessum leik heldur voru það þeir sem unnu hann,“ sagði Warner.

- óó



Fjármálaráðgjöf fyrir þig

KAUPPING

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.



FRAM Á VOR Magnús Páll Gunnarsson leikur í þýsku C-deildinni næstu mánuði.

Magnús Páll til Wuppertaler: Fyrsti leikurinn er gegn Bayern

FÓTBOLTI Blikinn Magnús Páll Gunnarsson hefur gert fimm mánaða samning við þýska C-deildarliðið Wuppertaler SV Borussia en hann hefur verið við æfingar hjá félaginu síðustu daga. Wuppertaler er sem stendur í fallsæti þýsku C-deildarinnar en þjálfari liðsins var rekinn eftir að liðið vann ekki í átta leikjum í röð fyrir áramót en Magnús Páll er einn þriggja nýrra leikmanna sem er ætlað að styrkja liðið í seinni hlutanum. Fyrsti leikur Magnúsar er á móti Bayern München II á föstudagskvöldið og þá er spurning hvort hann geti hjálpað til að enda markaburð liðsins sem skoraði ekki í síðustu fjórum leikjum sínum fyrir vetrarfrí. - 66j



STIGAHÆST Petrúnella Skúladóttir er í lykilhlutverki í Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfari Grindavíkurvenna: Mun treysta á sínar stelpur

KÖRFUBOLTI Pétur Guðmundsson, þjálfari Grindavíkur í Iceland Express-deild kvenna, hefur gefið það út að hann ætli ekki að styrkja liðið með erlendum leikmanni fyrir lokasprettinn í vetur. Þetta verður þá fyrsta tímabilið síðan 1999-2000 að Grindavík verður ekki með bandarískan leikmann innan sinna raða. Grindavíkurliðið hefur nú unnið tvo fyrstu leiki sína í neðri hlutanum og er á góðri leið inn í úrslitakeppnina með sex stiga forskot á Snæfell þegar tíu stig eru enn í pottinum. - 66j

Mí unglinga í frjálsum: Helga Margrét vann sex greinar

FRJÁLSAR ÍR vann yfirburðasigur í heildarstigakeppni félaga á Meistaramóti unglinga 15-22 ára sem fram fór um helgina. ÍR hlaut alls 354 stig, FH varð í öðru sæti með 198 stig og Fjölnir í þriðja sæti með 124 stig. ÍR ingar sigruðu stigakeppnina í þremur aldursflokkum eða í meyj-a, drengja- og ungkvenna-flokki. Breiðablik vann í flokki sveina, FH í flokki stúlkna og Fjölnir í flokki ungkarla. Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni varð sigursælust á mótinu um helgina en hún vann allar sex keppnisgreinarnar sem hún tók þátt í í stúlknaflokki. - 66j

Lokadagur félagsskiptagluggans var fjörugur en fresturinn var framlengdur um nokkra tíma vegna veðurs:

Arshavin fór til Arsenal eftir allt saman

FÓTBOLTI Það var líf á lokadegi félagsskiptagluggans í gær og mesta fjörið var í kringum Andrei Arshavin og kaup Arsenal á honum frá Zenit St Petersburg. Á tímabili skiptust netmiðlar á að segja að kaupin á Arshavin væru gengin í gegn eða að ekkert yrði af því að rússneski landsliðsmaðurinn kæmi til Lundúna-liðsins. Á endanum komu fréttir af því að Arsenal hafi í raun náð samkomulagi við rússneska liðið og að félagið muni kaupa hann á rúmleg tólf milljónir punda. Það kemur þó ekki endanlega í ljós fyrr en í dag. Fram að kaupum Arsenal á Arshavin var endurkoma Robbie



FRÁBÆR Á EM Andrei Arshavin. NORDICPHOTOS/GETTY

Keane til Tottenham stærsta frétt dagsins. Tottenham keypti Keane aftur frá Liverpool fyrir 12 milljónir punda eftir að hafa selt hann til Bítlaborgarinnar fyrir 20 milljónir punda í sumar. Keane skrifaði í dag undir fjögurra ára samning

við Spurs en hann viðurkenndi að það hafi ekki verið rétt ákvörðun að yfirgefa White Hart Lane. Harry Redknapp hefur verið duglegur að ná í gamla Tottenham síðan hann tók við stjórstöðunni hjá Tottenham en hann hefur líka

keypt þá Jermain Defoe (frá Portsmouth) og Pascal Chimbonda (frá Sunderland) til liðsins. Meðal annarra fréttu dagsins þá lánaði ítalska liðið Internazionale tvo leikmenn til enskra úrvalsdeildarliða. Chelsea fékk Ricardo Quaresma að láni og Oliver Dacourt mun spila með Fulham út leiktíðina. Everton fékk Jo á láni frá Manchester City Newcastle seldi Charles N'Zogbia til Wigan sem að sama skapi seldi varnarmannnn Ryan Taylor til Newcastle og lánaði Henri Camara til Stoke. Þá fékk Portsmouth gríska landsliðsfyrirliðann Angelos Basinas frá AEK.

- 66j

*Búum við á besta stað
blessa skyldum kúna
Íslendingar eiga það
sem aðra vantar núna*

*Öllum standa opnar dyr
andans kraft skal virkja
þá er best að borða skyr
búinn til að styrkja*

HÍVTA HÚSÍÐ / SÍA

> Bob Harper

„Það hvarflar ekki að okkur að hlæja að keppendum enda er hugrekki þeirra og staðfesta svo mikil að maður getur ekki annað en hrifist af þeim.“ Harper þjálfrar keppendur sem eiga í stríði við viktina í raunveruleikabættinum The Biggest Loser sem Skjáreinn sýnir í kvöld.

dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL SÉRSTAKA STJÓRN MÁLASTÖÐ**

Pólitíkusar á hliðarrás RÚV

Hinn efnahagslegi hildarleikur sem hefur átt sér stað á Íslandi undanfarna hundrað daga hefur orðið kveikjan að ansi mörgum beinum útsendingum. Stundum hefur maður sopið hveljur yfir þeim tíðindum sem ráðamenn þjóðarinnar hafa fært manni í gegnum sjónvarpið, oftast hefur maður þó bara klórað sér í hausnum og velt því fyrir sér hvað Geir meinti eiginlega þegar hann bað sjálfan Guð að blessa íslensku þjóðina.

Ef maður væri nú anti-pólitískur hefðu undanfarnir hundrað dagar verið hreinasta helvíti. Svona svipað og þegar anti-sportistar þurfa að horfa á hverja beinu útsendinguna á fætur annarri frá einhverjum kappleik. Þá byrja að heyrast raddir um að Ríkissjónvarpið eigi ekkert að sinna svona óþarfa hlutum og fyrst þeir á annað borð ætla að gera það þá ættu þeir bara að vera með sérstaka íþróttarás.

Nú bregður svo við að þörfin fyrir sérstaka stjórnmálarás er brýn. Þar geta stjórnmálafræðingarnir brotið heilann um hina og þessa taktík í þættinum Atkvæði-Lýðræði-Alþingi. Hann væri byggður á svipaðri fyrirmynd og 4-4-2. Einu sinni í viku væri síðan bein útsending frá einhverjum kappleik tveggja stjórnmálamanna þar sem þeir tækjust á um hugmyndafræðilegar stefnur og hvaða leið væri nú best að fara.

Þótt þessi sjónvarpsrás yrði kannski ekkert rosaalega vinsæl, þá er hún algjörlega þörf. Því við erum sum sem viljum bara halda áfram í sýndarveruleikanum með úrslitaleiknum á HM í handbolta, Leiðarljós og Nágranna.

KAPPLEIKIR Einu sinni viku myndu stjórnmálamenn mætast og takast á um hugmyndafræðilegar stefnur og hvaða leið sé nú best að fara.

PRÍÐJUDAGUR

► **20.00 Yes** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.10 Mæðgurnar (Gilmore Girls VII)** SJÓNVARPIÐ



► **20.25 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



► **20.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



► **21.00 Top Design** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.00 Fréttaukinn (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Bjargvætturinn (15:26)

18.00 Latibær (e)

18.30 Út og suður (1:3) (Guðfinnur og Atie í Skafttholti) (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

► **20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (11:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham og Alexis Bledel.

20.55 Kattakonan (Kattegal) Norskur þáttur um konu frá Björgvin sem hefur sett sér það markmið að eiga fallegasta persakött í heimi.

21.25 Viðtalið - Jaap de Hoop Scheffer Bogi Ágústsson ræðir við Jaap de Hoop Scheffer framkvæmdastjóra NATO.

22.00 Tíufréttir

22.20 Dauðir rísa (Waking the Dead V) (8:12) Breskur sakamálaflakur um Peter Boyd og félag hans í þeirri deild lögregluunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu og Esther Hall.

23.10 Hvarf (Cape Wrath) (2:8) Fjölskylda flyst í smábæ undir fölsku nafni en það getur verið erfitt að flylja fortíðina. (e)

00.00 Kastljós (e)

00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Wall Street

10.05 Kapteinn sköguntönn

12.00 P.S.

14.00 Wall Street

16.05 Kapteinn sköguntönn

18.00 P.S.

► **20.00 Yes** Dramatísk mynd um konu sem er föst í ástlausu hjónabandi og ákveður að upplifa rómantískt ástarævintýri með ókunnugum manni.

22.00 Milwaukee, Minnesota

00.00 Palindromes

02.00 Dog Soldiers

04.00 Milwaukee, Minnesota

06.00 The Cookout

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Afram!, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlamir, Dynkur smáeðla, Lalli og Doddi litli og Eyrnastór.

08.10 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (244:300)

10.15 Extreme Makeover. Home Edition (12:25)

11.15 Ghost Whisperer (24:44)

12.00 Grey's Anatomy (7:17)

12.45 Neighbours

13.10 Days of Thunder

15.00 Sjáðu

15.35 Saddle Club

15.58 Tutenstein

16.18 Stuðboltastelpurnar

16.43 Ben 10

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Neighbours

17.58 Friends 2 (1:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.35 The Simpsons (23:23)

20.00 Worst Week (7:13) Gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heim-sækir tilvonandi tengdafaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni.

► **20.25 How I Met Your Mother** (4:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnst enn betur vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.

20.50 Burn Notice (9:13)

21.35 Rescue Me (8:13)

22.20 The Daily Show. Global Edition

22.45 Auði og Sveppi

23.15 Grey's Anatomy (10:24)

00.00 Days of Thunder

01.45 The Grudge 2 (Ju-on)

03.20 Silent Witness (5:10)

04.15 Rescue Me (8:13)

05.00 Worst Week (7:13)

05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

16.10 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

16.40 Dubai Desert Classic Útsending frá Dubai Desert Classic en mótið er hluti af Evrópumótariðinni.

19.40 Arsenal - Cardiff Bein útsending frá leik úr ensku bikarkeppninni.

21.40 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

22.35 Stóra Laxá Stóra Laxá hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem ein af skemmtilegustu ám landsins. Áin verður skoðuð ofan í kjöllinn og þræddi í bak og fyrir.

23.05 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Reliant Stadium í Houston.

00.00 NBA tilþríf Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.

00.25 Arsenal - Cardiff Bein útsending frá leik úr ensku bikarkeppninni.

SPORT 2 *enski boltinn*

16.20 Stoke - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

18.30 Coca Cola mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðuð í þessum magnaða markabætti.

19.00 Newcastle - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Liverpool - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.20 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðuðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.

23.15 Arsenal - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.40 Vörutorg

17.40 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.25 America's Funniest Home Videos (4:48) (e)

18.50 The Bachelor (8:10) (e)

19.40 Káta Maskínan (1:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna.

20.10 The Biggest Loser (2:24) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Rauða og bláa liðið kynnst nýjum heimkynnum sínum og nýja æfingasalnum. Rauða og bláa liðið horfast í augu við ógeðslegar matarvenjur sínar, á meðan svarta liðið berst fyrir lífi sínu í eyðimörkinni. Og liðin ná ótrúlegum tölum í fyrstu viktuninni.

► **21.00 Top Design** (5:10) Ný, bandarísk raunveruleikasæria þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndafrí hönnun og frumleika. Að þessu sinni þurfa hönnuðirnir sjö sem eftir eru að hanna draumaaðstöðu fyrir fjölskyldu í bílskúr.

21.50 The Dead Zone (8:12) Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny reynir að ráða í sýnir sem hann fær af ofbeldismanni og fórnarlambi hans en á erfitt með að gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu þær hafa.

22.40 Jay Leno

23.30 CSI (3:24) (e)

00.20 Vörutorg

01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands

Digital Ísland rás 15



Dagskrá allan sólarhringinn.

Gólfdukur

skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn

**Eldhúsið**

hjarta heimilisins

**Svefnherbergið**

þægilegt andrúmsloft

**Forstofan**

einfaldara verður það ekki

**Stofan**

alltaf jafn heimilislegt

**Badherbergið**

hlýtt og mjúkt undir fæti



Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

**Sérverslun með
gólfduk og teppi**



SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
Burn Notice

Hraðir og hörkufyndnir spennuþættir í anda Bonds og Chucks sem hafa komið þægilega á óvart. Njósna­rinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpa­manna heimsins. Westen er staðráðinn í að finna þann sem lét útskúfa honum og til að ná endum saman gerist hann einkaspæjari í heima­bæ sínum þar sem verkef­nin geta orðið ansi ómerkileg að mati „alvörunjósnara“.



► VIÐ MÆLUM MED
Káta maskínan
Skjáreinn kl. 19.40

Káta maskínan hóf göngu sína sl. haust í Ríkissjónvarpinu en hefur nú flutt sig yfir á Skjáeinn. Þátturinn er sem fyrr í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar en þar fjallar hann um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og ræðir við listamenn úr öllum krókum og kímum listalífsins. Í kvöld hittir Þorsteinn fyrir tónlistarkonuna Lay Low eftir konsert á Rósenberg, bregður sér í bæjarferð með Steingrími Eyfjörð og fjallar um frið­arfrímerki sem lýsir í myrkri.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin	15.30 Miðdegistónar
06.40 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Auðlindin
09.45 Morgunleikfimi	18.26 Spegillinn
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Pipar og salt	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Bláar nótur í bland
12.02 Hádegisútlarp	21.00 Í heyranda hljóði
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vítt og breitt	22.15 Fimm fjórðu
14.03 Horfinn heimur - aldamótin 1900	23.00 Gatan mín
15.03 Útlarpssagan: Svörtu hestarnir	00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (116:260)
- 16.30 Hollyoaks (117:260)
- 17.00 Seinfeld (24:24)
- 17.30 Ally McBeal (10:24)
- 18.15 The O.C. (7:27)
- 19.00 Hollyoaks (116:260)
- 19.30 Hollyoaks (117:260)

20.00 Seinfeld (24:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendan­lega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlunga­fullir og hann sjálfur.

►20.30 Ally McBeal (10:24) Gaman­þættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einka­líf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stór­furðuleg.

21.15 The O.C. (7:27) Orange sýsla í Kali­forníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kyn­numst þeim betur koma hins vegar leyndar­málin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bil­son, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

22.00 Men in Trees (16:19) Önnur þátta­röðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit.

22.45 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Berg­manns Eiríssonar. Hann fær góða viðmæl­endur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákómur.

23.30 Auðdi og Sveppi

00.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Jaffet Ólafsson fjárfestir ræðir um viðskiptalífið.

21.00 Ástvinanudd Gunnar L. Friðriksson kennir áhorfendum að nudda sína nánustu. Annar af fjórum þáttum á þriðjudagskvöld­um meðan við þreyjum Þorann.

21.30 Kristinn H. Þáttarstjórnandi er Kristinn H. Gunnarsson sem tjáir sín viðhorf til stjórnmála líðandi stundar.

Dagskrá INN er endurtekin um helg­ar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.05 Aftenshowet 12.30 Godt arbejde 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 SPAM - Forældrene ud af Facebook! 15.30 Bracelace 15.55 Oggy og kakerlakkerne 16.00 Agent Nord 16.30 Lille Nørd 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Kender du typen? 19.30 Stemmer fra opgangen 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 Sportlyst 21.00 Stemmer fra opgangen - Koncerten 21.30 U-Boat 23.05 Livvagterne

NK1

13.30 Koht i familien 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Slipp naboenes løs 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Dora utforskeren 17.25 Travelbymysteriene 17.40 Distriksnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen. Magasin 18.55 Landeplage 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriksnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 VM-kveld 20.50 Brennpunkt 21.50 Extra-trekning 22.00 Kveldsnytt 22.15 Breakfast on Pluto 00.30 Kulturnytt

SVT 1

13.40 Diplomaterna 14.10 Maggies nya liv 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Alpinet 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Andra Avenyn 20.45 The Faculty 22.30 Kulturnyheterna 22.45 Sommer 23.45 Sändningar från SVT24

BONUS BONUS BONUS BONUS

Ali

Nytt..

- 100% kjöt
- Hrein afurð
- Engin aukaefni
- Ekki viðbætt vatn

..og gott

40% AFSLÁTTUR

Ali bringur
1.798 kr./kg. merkt verð 2.998 kr./kg.

Einu kjúklingabringurnar á Íslandi

ÁN VIÐBÆTTIS VATNS

Sá eini sanni!

Nýr kjúklingur
Aðeins **599-** kr./kg.
merkt verð 998 kr./kg.

NÝJUNG
BRINGUR MED SKINNI

Bringur m/skinni
40% AFSLÁTTUR
Aðeins 1.678,- kr./kg. - merkt verð 2.798,- kr./kg.

Ali grísabógur
Aðeins **398-** kr./kg.
merkt verð 442 kr./kg.

Ali grísahakk
Aðeins **530-** kr./kg.
merkt verð 684 kr./kg.

BONUS BÝÐUR BETUR

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Við fáum alltaf æði fyrir einhverju og núna hlustum við rosalega mikið á Kings of Leon og Motion Boys.“

Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran mat-reiðslumaður.

Nýir ráðherrar á gömlum Volvo

Nýju ráðherrarnir eru að koma sér í gírinn. Auðvitað fylgja ýmis fríðindi djöbbinu, þar á meðal er drossía og einkabílstjóri. „Þessi mál hafa ekki háan forgang hjá mér, það eru næg önnur mál brýnni,“ segir Gylfi Magnússon, glænýr viðskiptaráðherra, spurður um bílamálin. „Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að nýta mér sama bíl og forveri minn enda er það einfaldast. Það er nýlegur Volvojeppi með sparneytinni dísilvél að því er mér skilst. Ég keyri hann sjálfsagt ýmist sjálfur eða þigg aðstoð bílstjóra.“

Þótt hann feginn vildi segir Gylfi vandkvæðum bundið að nota sína eigin bifreið. „Bíllinn minn er nefnilega búinn



að vera bilaður síðan fyrir bankahrún. Það er miðaldra Volvobifreið, árgerð 1994. Kannski fer hann að hressast. Bifvélavirkinn minn er að minnsta kosti vongóður og er búinn að vera það mánuðum saman. Ég hef mikla trú á þeim báðum, bílnum og bifvélavirkjanum.“

Hinn glænýi ráðherrann er Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra. Líkt og Gylfi á hún gamlan Volvo. „Ég á Volvo 850 árgerð 1995, sem er stöðug bifreið og glæsileg!“ segir Ragna og bætir við: „Ég nýtti mér ráðherrabíl og bílstjóra í gær og á sunnudaginn, en hef ekki tekið afstöðu til þess hvort ég geri svo áfram.“ Fleiri ráðherrar eru á Volvo, að



Gylfi og Ragna fremst í flokki nýrrar Ríkisstjórnar Eiga bæði miðaldra Volvoa en hafa notast við einkabílstjóra fyrstu daga ráðherradómsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

minnsta kosti mætti Steingrímur J. á ævagömlum Volvo á Bessastaði á sunnudaginn. - drg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. hland, 6. líka, 8. farfa, 9. yfirbreiðsla, 11. tónlistarmaður, 12. þjóðsagnaskepna, 14. slór, 16. golf áhald, 17. stúlka, 18. umhyggja, 20. þys, 21. maður.

LÓÐRÉTT
1. líkami, 3. á fæti, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. stykki, 7. gluggatjald, 10. ílát, 13. bar að garði, 15. löngun, 16. höld, 19. númer.

LAUSN
LÖBÉRÉTT: 1. hland, 3. íl, 4. sikiley, 5. stk, 7. gardína, 10. ker, 13. kom, 15. mey, 18. önn, 20. ys, 21. karl.
LÁRÉTT: 2. píss, 6. og, 8. lít, 9. lak, 11. kk, 12. dreki, 14. droll, 16. tí, 17.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1

Taktu upp þráðinn.

2

Ragna Árnadóttir.

3

Hveragerði.

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR: KANN VEL VIÐ SIG Í GUÐFRÆÐI

ILMUR Í VANITY FAIR

„Ég hélt að þetta væri bara eitt-hvert svona innanhússpjall. Bara eitthvað óformlegt. Svo birtist bara ljósmyndari og tók mynd af mér sem Janis Joplin í Íslensku óperunni,“ segir leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir. Hún fær draum margra leikara og leikkvenna uppfylltan þegar það kemur mynd af henni í stórblaðinu Vanity Fair og stutt spjall. „Kannski verð ég bara heimsfræg eftir þetta?“ spyr Ilmur og skellihlær, þykir þetta óneitanlega nokkuð skondið.

Stutta viðtalið er enda ekki um ferilinn né leiksýninguna Janis 27 heldur um ástandið á Íslandi sem virðist saga til sín erlenda blaðamenn hvaðanæva að úr heiminum. Ilmur tekur skýrt fram að spjallið við blaðamanninn Michael Lewis sé stutt og að hún sé ekki í neinu aðalhlutverki í greininni. Þetta sé meira aukahlutverk. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá verður nefnilega einnig viðtal við Geir H. Haarde í umræddu tímariti sem



Kannski heimsfræg Ilmur sat fyrir hjá ljósmyndara Vanity Fair en ítarleg umfjöllun um íslenska bankahrúnið er væntanleg í marshefti blaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR



Síðast á forsíðu Svona var ímynd Íslands í Vanity Fair, Leonardo DiCaprio á Jökulsárlóni með ísbjarnarhúninum Knúti.

og Ingibjörgu Sólrúnu auk annarra áhrifamanna í íslensku þjóðlífi. Þetta er í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma sem Ísland kemst í Vanity Fair. Þá var það reyndar á ögn jákvæðari nótum, Leonardo DiCaprio sat fyrir hjá ljósmyndaranum Anne Liebowits fyrir forsíðu blaðsins ásamt ísbjarnarhúninum Knúti á Jökulsárlóni. Tímaritið var þá helgað náttúruvernd og Ísland þótti heppilegur tókustaður fyrir slíkan málstað. Í dag þykir Ísland hins vegar ákjósanlegur áningarstaður ef menn ætla að skrifa

um fjöldagjaldþrot og alþjóðlegu lausafjárkreppuna. Og afleiðingar hennar.

Ilmur er annars á fullu í guðfræðinámi sínu við Háskóla Íslands. Og unír hag sínum vel. Ilmur segist hafa orðið fyrir hálfgerðri uppljómun þegar hún sat fyrirlestur hjá Magnúsi Bernharð Þorkelssyni um íslam. „Mér fannst undarlegt að manneskja með BA-próf úr listaháskóla skuli ekki hafa vitað neitt um íslam, trúarbrögðin sem allar deilir í heiminum virðast snúast um,“ segir Ilmur. - fgg

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kolbrún Halldórsdóttir, nýr umhverfisráðherra, segir frá því á vefsíðu sinni á sunnudag að þetta sé dagurinn sem hún hafi beðið eftir. Ekki af því að ráðherradómur biði hennar heldur ættu sonur hennar og tengdadóttir von á barni og hún þá að verða amma. Hefur það ýtt undir þá skoðun hennar að frumabyrgð hverrar manneskju er gagnvart börnunum og vísaði hún í orð Villhjálmss Árnasonar, prófessors og siðfræðings, þar um.

Enn segir af afrekum íslenskra rit höfunda á erlendum vettvangi. **Jón Kalman Stefánsson** er nú kominn til Svíþjóðar, að fylgja bók sinni Sumarljós, og svo kemur nóttin, úr hlaði en John Swedenmark þýddi. Jón fær glimrandi dóma hjá Anninu Rabe í SvD; Sveriges kvalitetsajjt för nyheter sem á í hinum mestu vandræðum. „Einhverra hluta vegna er næstum því alltaf auðveldara að orða last heldur en lof, ég held að flestir gagnrýnendur taki undir það,“ skrifar Anninu og líklega þykir listamönnum sannleikskorn í því. „Hvað á maður þá til bragðs að taka þegar maður hefur lesið bók sem maður er svo innilega hrifinn af, svo hrifinn, að manni finnst maður ekkert geta sagt sem geri henni rétt til?“ spyr sænski gagnrýnandinn.

Það að fara í bíó er ekki bara fyrir ungviðið og var **Sigurður A. Magnússon**, rúmlega áttæður, mættur á Kringlubíó á sunnudagskvöldið og varð myndin Doubt fyrir valinu hjá þessum mikla menningarinnar manni. - jbg

FEBRÚARFJÖR

blaðbera Pósthússins

Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins, hefur sett í gang **skemmtilegan leik** sem kallast Febrúarfjör og er markmiðið að verðlauna duglega og kvartanalaus blaðbera með ýmsu móti.

Einu sinni í viku í allan febrúar verða **kvartanalausir blaðberar** dregnir út og fá þeir verðlaun á borð við sælgæti frá Nóa, höfuðbuff, pizzuveislu og biómiða.

Um mánaðarlokin verður **blaðberi febrúar** valinn og fær hann glæsilegan Nokia 6085 gsm síma að gjöf.

Tilkynnt verður um vinningshafa á heimasíðu Pósthússins **www.posthusid.is**

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is

Mistök að klippa á Steingrím

„Það voru augljóslega gerð mistök, sem mér þykir miður og við biðjumst velvirðingar á. Það átti auðvitað ekki að rjúfa miða ræðu, þótt handboltinn sé góður,“ segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri hjá Ríkissjónvarpinu.

Stjórnarskiptin voru sýnd í beinni útsendingu í Sjónvarpinu á sunnudaginn. Í miðri ræðu hins nýbakaða ráðherra Steingríms J. Sigfússonar var skyndilega klippið á útsendinguna til að koma úrslitaleik

LUC ABALO Abalo og félagar í franska landsliðinu voru fyrir mistök teknir fram yfir Steingrím J. Sigfússon.

Frakka og Króata á HM í handbolta að. Eins og gefur að skilja voru upplýsingabyrstir Íslendingar ekki á eitt sáttir við það, enda um stórtíðindi að ræða í íslenskri stjórnmálasögu.

Óðinn segist bæði hafa fengið kvartanir frá fólki sem ætlaði að fylgjast með framvindu mála í pólitíkinni sem og óþreyjufullum handboltaáhugamönnum sem höfðu þegar misst af byrjun leiksins. Má því segja að Óðinn og starfsfólk hans hafi verið á milli tveggja elda. Hann tekur þó fram að stjórnmálamennirnir hafi verið seinir á vettvang og fyrir vikið hafi útsendingunni seinkað á kostnað handboltans.

Í hálfleik úrslitaleiksins var ræða Stein-

gríms síðan endursýnd til að bæta fyrir mistökin. „Það var farin dálítið úr því stemningin,“ viðurkennir Óðinn. - fb

ÓÐINN JÓNSSON Óðinn viðurkennir að mistök hafi verið gerð þegar stjórnarskiptin voru látni vikja fyrir handboltanum og Steingrímur fékk ekki að klára ræðu sína í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

ÚTSAL

SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR

Kælikápar og vínskápar með allt að 50% afsl.

Sjálfvirkar kaffivélar frá Gaggia og Saeco með miklum afslætti

Ofnar, helluborð og háfar á mjög góðu verði

Búsáhöld, pottar og gjafavara með allt að 60% afslætti

Frábær tilboð á hljómtækjum og sjónvörpum frá Denon og Toshiba

**William Bounds pipar- og
saltkvarnir - 30% afsláttur**

**Canton hátalarar
með 50% afslætti**

DENON

TOSHIBA

Panasonic

CANTON

KitchenAid

GAGGIA

SEVERIN

Amana

De Dietrich

Brandt

Blomberg

Saeco

QED

LACOR

WilliamBounds

caffè
KIMBO

danesi
caffè



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR

BAKÞANKAR
Páls Baldvins
Baldvinssonar



Frítt fyrir atvinnulausa


Það er ekkert ókeypis var fyrsta reglan í hinni hrundu lífsstefnu nýfrjálshyggjunnar: allt kostar og í framhaldi af þeirri lokaniðurstöðu á tilverunni var verðmiði settur á allt milli himins og jarðar. Beiting á gjaldtöku í samfélaginu sótti fram á öllum sviðum. Aðgangseyrir var heimtur af sjúkrastofnunum – jafnaðargjald og síðan mishátt gjald eftir þjónustu. Skönnun í einhverju ráðýru tæki kostaði þennan skattþega hátt á annan tug þúsunda og þótti ekki tiltökumál. Einhver stakk upp á að gestir spítalanna væru látnir borga þar aðgangsmiða, annar að best væri að láta lækna borga sig inn – þeir væru svo mikið fjarverandi við einkarekstur þar sem þeir sinna sjúklingum sem hið opinbera borgar þeim svo fyrir. Svo tala menn í alvöru um að einkarekstur sé einhver nýjung í heilbrigðiskerfinu á eyjunni.

NÚ þegar atvinnulausum fjölgar rösklega þótt menn geti ekki einu sinni komið sér saman um hvað þeir eru margir í alvörunni er rétt að hugað sé að lífsgæðum þeirra. Atvinnuleysisbætur eru lágar. Fólk á rétt á margvíslegum stuðningi verkalýðsfélaga hafi það á annað borð haft vit eða skyldu til að sitja í þeim. En betur má ef duga skal: margar listastofnanir bjóða nú öllum ókeypis inn. Menningarstofnanir á borð við bókasöfn eiga nú snarlega að veita atvinnulausum ókeypis þjónustu.

ÞÁ á einnig að bjóða atvinnulausum ókeypis aðgang að Þjóðleikhúsi og öðrum ríkisstyrktum leikhúsum. Sama á að gilda um Sinfóniuna. Listamenn sem standa fyrir sjálfstæðum listviðburðum eiga að gefa aðgangseyri eftir fyrir þá sem missa vinnuna. Og verða fyrri til áður en tilmælin berast frá Katrínu Jakobsdóttur.

AF hverju? Þeir atvinnulausu hafa greitt skatta alla sína starfstíð og nú er kominn sá tími að það á að endurgreiða þeim áralanga styrki við menningarlíf í landinu. Þeir eiga það inni.

MUNAR það miklu? Nei, það munar litlu og þótt það sé í blóra við höfundarréttargjöld þarf ekki annað en bréfsnuddu til Leikskáldafélagsins og erlendra réttihafa til að ná því fram tímabundið meðan enn hækka tölur í hópi vinnulúinna og atvinnulausra sem vonandi varir ekki lengi. Þeir greiddu sinn aðgang að veislunni og nú er að hleypa þeim inn.



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn
3. febrúar, 34. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.01	13.41	17.23
Akureyri	9.58	13.26	16.55

Heimild: Almanak Háskólans

ENGAR HÆKKANIR SÍÐAN Í MAÍ 2008



HEIMASÍMI



NET



GSM

Allur Pakkinn frá **3.990 kr.** á mánuði

Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm

Lægra mánaðargjald

&

Lægra mínútuverð

&

Meira erlent niðurhal

= Lægri símreikningur

Lækkaðu í síma 1817 eða tal.is